



Orðið betra að keppa í Eurovision



# FRETTABLAÐIÐ

FRÍTT

46. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS 2023



Aðeins fimmtungur er andvígur frekari virkjunum.

## Ánægja með Landsvirkjun

**ORKUMÁL** Nær tveir þriðju hlutar aðspurðra í könnun Gallup eru fylgjandi frekari virkjanaframkvæmdum hér á landi.

Aðeins fimmtungur er andvígur frekari virkjanaframkvæmdum.

Þrír af hverjum fjórum telja að virkjanir Landsvirkjunar hafi haft jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Þetta hlutfall er enn hærra þegar fólk í nærsamfélagi virkjana er spurt, en algengt er að yfir 80 prósent heimafólks telji áhrif virkjana jákvæð.

Þá telja nær níu af hverjum tíu Landsvirkjun skapa mikil verðmæti fyrir íslenskt samfélag.


Ársfundur Landsvirkjunar er í dag og þar verða niðurstöður könnunarinnar kynntar nánar. **SJÁ SIÐU 6**

## Segjast það í stóra kókaínmálinu

**DÓMSMÁL** Sakborningarnir fjórir í stærsta kókaínmáli Íslandssögunnar játa aðild að málinu en segjast hins vegar aðeins vera það í stóra samhenginu. Einn sakborninganna sagði í skýrslutöku við héraðsdóm að enginn mikilvægur maður hefði verið dreginn fyrir rétt í málinu.

Fjórmenningarnir eru sakaðir um innflutning á um hundrað kílóum af kókaíni og um peningþvætti upp á tæplega 63 milljónir króna. Allir fjórir segja sinn þátt í málinu óverulegan og segjast ekki hafa gert sér grein fyrir umfangi eiturlyfjasmýglisins. Lögreglan telur innflutninginn hafa verið þaulskipulagðan og að hver hinna ákærðu fyrir sig hafi haft sitt hlutverk.

Vitnaleiðslum fyrir héraðsdómi lauk í gær og þar með var fjölmiðlabanni á umfjöllun úr réttarsalnum jafnframt aflétt. Munnlegur málflutningur fer fram á mívíkudaginn næstkomandi og dómsuppkvaðningar er að vænta innan fjögurra vikna frá þeim degi. **SJÁ SIÐU 8**



Staðsetning hellisins þykir með miklum ólíkindum en hann fannst fyrir tveimur vikum.

MYND/ÁSEND

## Nýtt náttúruundur fundið

Langur og djúpur hellir undir Jarðböðunum í Mývatnssveit uppgötvast fyrir tilviljun. Rannsóknarleiðangur verður farinn á næstu dögum.

bth@frettabladid.is

**NÁTTÚRA** Stórmerkur hellir, sem heimamenn líkja við náttúruundur, fannst fyrir tveimur vikum við jarðvegsframkvæmdir vegna nýbyggingar Jarðbaðanna í Mývatnssveit.

Hellisipið er nálægt núverandi útiklefum baðanna. Há lofthæð hellisins, þrír til sex metrar, vekur sérstaka athygli.



Lofthæð hellisins, þrír til sex metrar, vekur sérstaka athygli.

Starfsmenn Jarðbaðanna hafa forskoðað hellinn. Er áætlað að hellirinn sé um 12 metra djúpur frá opi. Hann opnast til vesturs allt að 100 metra og teygir sig tugi metra til austurs. Allt önnur jarðlög virðast undir böðunum en áætlað hafði

verið og hafa Jarðböðin tilkynnt hellafundinn til Umhverfisstofnunar.

Er stefnt að rannsóknarleiðangri í næstu viku.

Segir Guðmundur Þór Birgisson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna, að um sé að ræða mjög merkan fund. Undir það tekur Jóhann Friðrik Kristjánsson verkfræðingur, sem hefur fengið umboð landeigenda til að slást í för með vísindamönnum.

„Þetta er æsispennandi,“ segir Jóhann.


Ótrúlegar tilviljanir leiddu til þess að hellirinn fannst. **SJÁ SIÐU 10**

LÍFIÐ 24



Klikkuð söngkona segir Langi Seli

ÍPRÓTTIR 20



Hetjan í Lyngby

TÍMAMÓT 18



Helgi Þorgils fagnar stórafmæli



**LÆGSTA VERÐIÐ**  
Í HAFNARFIRÐI ER Á REYKJAVÍKURVEGI





Landsmenn mega reikna með því að þurfa að vera vel klæddir næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Kuldaboli tekur við af vorveðrinu

benediktarnar@frettabladid.is

**VEÐUR** Það má búast við kulda á landinu næstu daga. Kaldar norðan-áttir verða á landinu út vikuna og inn í helgina að sögn veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands.

„Það fer að kólna þegar það líður á vikuna og gengur á með einhverjum eljum á norðan- og austanverðu landinu. Það er dálítið vetrarlegt aftur eftir þennan vorglugga sem við fengum fyrir helgi. Það er ekki að sjá neinar breytingar eða hlýindi á næstunni,“ segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Að hans sögn mega Íslendingar búa sig undir áframhaldandi frost næstu dagana.

„En spáin er að mestu úrkomulaust, þótt kuldinn virðist ætla að halda áfram eins langt og við sjáum í langtímaspánni okkar,“ segir Þorsteinn. ■

## Hlaupahjól við höfnina



Viðhorf fólks til hlaupahjóna kunna að hafa breyst á síðustu árum eftir að þau eru orðin vinsæl leigufarartæki sem liggja á við og dreif um borg og bæ. Þó er víst að krakkar með hjálma á höfði geta enn skemmt sér á hlaupahjólum. Þessir krakkar gerðu sér glaðan dag í góða veðrinu í gær og renndu sér á þöllumum á leiksvæðinu við Miðbakkann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Typhoon herþotur eru háværar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Herþotur fylgdu flugvél frá Íslandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FLUG** Íbúum Miðlandanna í Bretlandi brá í brún við að heyra mikinn hávaða á laugardag. Hávaðinn kom frá herþotum sem rufu hljódmúrinn við að komast að einkaþotu sem var á leið frá Íslandi og ætlaði að millilenda í London.

Mikill fjöldi Breta hringdi í neyðarlínuna vegna hávaðans úr orrustuþotunum, sem eru af gerðinni Typhoon. Einkaþotan hafði misst samband við flugturn og voru því orrustuþotur breska flughersins sendar undir eins til að fylgja henni. Þotan kom til Íslands frá Norður-Ameríku og Grænlandi og er í eigu kanadísks flugfélags. Um tíma var flugumferð yfir London stöðvuð vegna atviksins, sem reyndist vera bilun í samskiptabúnaði. ■

ustuþotunum, sem eru af gerðinni Typhoon. Einkaþotan hafði misst samband við flugturn og voru því orrustuþotur breska flughersins sendar undir eins til að fylgja henni. Þotan kom til Íslands frá Norður-Ameríku og Grænlandi og er í eigu kanadísks flugfélags. Um tíma var flugumferð yfir London stöðvuð vegna atviksins, sem reyndist vera bilun í samskiptabúnaði. ■

# Mikið um streptókokka og óvenju mörg próf jákvæð

Streptókokkar herja á landið og eru töluvert fleiri lagðir inn á spítala en seinustu ár vegna streptókokkasýkingar. Streptókokkar eru ekki tilkynningarskyldur sjúkdómur og því ekki til nákvæmar tölur um fjölda þeirra sem hafa greinst með hann.

katrinasta@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Maður græðir ekkert á því að koma á heilsugæsluna oft með lítil einkenni. Það er ekkert öryggi í því,“ segir Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), en Heilsugæslan hefur tekið óvenju mörg jákvæð streptókokkapróf að undanfögnu.

Meðhöndlun streptókokka er alltaf með sýklalyfjum þar sem sjúkdómurinn getur valdið alvarlegum sýkingum. Langflestir svara þó sýklalyfjum en þeir sem svara þeim ekki eru í hópnun sem leggst inn á spítala.

„Við höfum verið að taka þessi próf miklu meira núna þar sem þetta er ekki eins augljóst í börnum. Það er algengara að börnin séu með óljósari einkenni þannig að prófin eru tekin oftast en áður,“ segir Óskar Reykdalsson, forstjóri HH.

„Það sem við erum að sjá núna er að streptókokkar eru að koma samhliða eða á eftir veirusýkingum. Við erum að sjá einkenni sem eru alveg klassísk veirusýkingareinkenni.“

Þetta er aðeins breytt frá því sem áður var, að veirusýkingin er ekki að útiloka streptókokka,“ segir Sigríður Dóra.



Læknar hafa tekið mörg sýni af börnum og fullorðnum að undanfögnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Leggjast mismunandi á fólk

Streptókokkar leggjast mismunandi á fólk. Helstu einkenni eru hálsbólga, útbrot, hiti, slappleiki og höfuðverkur. Einstaklingur með streptókokka er sjaldnast með kvef eða hósta. Roði getur fylgt veikindunum og útbrot geta verið rauðleit, jafnvel upphleypt, en þá er um að ræða skarlatssótt sem er tegund af streptókokkum.

Streptókokkar geta einnig verið einkennalausir og því geta einstaklingar verið streptókokkaberar án þess að vita af því.

Ef streptókokkapróf er tekið á þeim einstaklingum yrði prófið jákvætt.

„Við höfum ekki áhyggjur af fólki með streptókokka sem er einkennalaus,“ segir Sigríður Dóra.



Óskar Reykdalsson, forstjóri HH

„Það eru allir læknar á því að það er mikið um streptókokka og mörg próf jákvæð,“ segir Óskar.

Prófin eru til á öllum heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins. „Heilsugæslurnar eru mjög vakandi fyrir þessu og nota greiningartækin mikið. Það er okkur mikilvægt að ná öllum inn og meðhöndla rétt,“ segir Óskar og nefnir mikilvægi þess að fólk fari í próf frekar en ekki ef grunur leikur á streptókokkasýkingu. Ef einkennin eru ýkt og einstaklingur færveikir, svara ekki hitalækkandi lyfjum eða einkennin fara ekki er hætta á að einstaklingur með streptókokka sé í lífshættu. ■

## Alex og William manual hvíldarstólar



Nú með 20% afslætti

Alklæddir Anelín leðri Litir: svart, dökkbrúnt og cognac

Alex manual með 20% afsl. 195.000 kr. William manual með 20% afsl. 215.000 kr.

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

# Framtalið þitt er opið til staðfestingar á skattur.is

*Skilafrestur er til 14. mars*

Starfsfólk Skattsins veitir aðstoð



## Símapjónusta í 442-1414

Mán.-fim. 9:00-15:30

Fös. 9:00-14:00



### Pantaðu símtal

Hægt er að panta símtal í 442-1414  
og við hringjum til baka



### Sendu okkur tölvupóst

Þú getur líka sent okkur tölvupóst á  
póstfangið [framtal@skatturinn.is](mailto:framtal@skatturinn.is)

**Ekki er unnt að veita framtalsaðstoð á starfsstöðvum Skattsins**

Áriðandi er að yfirfara upplýsingarnar á framtalinu

# Óttast að grasið hreinlega slitni vegna veðrabrigðanna

bth@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** „Það geta orðið rötarslit þegar jörð lyftist á ný í frosta-kafli eins og nú er eftir hlýindi,“ segir Eiríkur Loftsson, ráðunautur í jarðrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Helsti ótti bænda hvað varðar túnin er að kal drepi gras vegna svella. Litlar líkur eru á að það verði vandamál eftir veturinn en hlýindi undanfarið getu valdið öðruvísi

vandræðum. Grastegundir eru misviðkvæmar fyrir svokölluðu rötarsliti. Til eru tegundir sem aðrar þjóðir nota mikið, tegundir sem vaxa hraðar en aðrar og þeim er nú hætt er við skaða.

Fjölært rýgresi gæti verið viðkvæmt nú um stundir en færst hefur í vöxt að íslenskir bændur blandi þeirri grastegund við aðrar sem þekkja duttlunga íslenskrar veðráttu betur þar sem hiti og kuldi takast á.



Stundum hefur þurft að gripa til róttækra aðgerða eftir kal. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

„Veðrabrigðin núna geta orðið vond fyrir þær plöntur,“ segir Eiríkur.

Hann segir enga ástæðu til að hafa miklar áhyggju en stakir bændur gætu lent í meiri vanda en aðrir vegna hinna skörpu öfga sem skapast hafa í veðri með þeim afleiðingum að jörð hnigur eftir hita og rís á víxl.

„Rötarslit verður á hverjum vetri en í túnum verndar gróðurþekjan oft,“ segir Eiríkur. ■

## Viðbúin viðbrögð við hugmyndinni um að stofna her

ser@frettabladid.is

**VARNARMÁL** Fyrstu viðbrögð fulltrúa ríkisstjórnarinnar við hugmyndum um að stofna íslenskan her hafa verið algerlega fyrirsjáanleg, að sögn Arnórs Sigurjónssonar varnarmálaráðgjafar og bók hans um málefnið hefur vakið mikla athygli.

Þórdís Kolbrún Reykfrjóð Gylfadóttir utanríkisráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, menningar-, ferða- og viðskiptaráðherra, og Bjarni Jónsson, formaður utanríkisráðgjafarinnar, hafa öll gólið varhug við hugmyndinni í fjölmiðlum.

Arnór segir sjálfur að þessi viðbrögð séu dæmi um þversögnina sem lengi hafi litad umræðuna um öryggis- og varnarmál hér á landi.



Arnór Sigurjónsson, varnarmálaráðgjafar

Frá upphafi lýðveldisins hafi landsmenn falið öðrum að verja sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar vegna þess að þeir, friðelskandi þjóðin, geti það ekki eða vilji að eigin mati. Þess utan hafi aðrar þjóðir eða valdahópar hvorki ástæðu né áhuga á því að ásælast yfirráð yfir Íslandi.

Þetta sé þversögn sem standist ekki nánari skoðun. „Ísland er veikasti hlekkurinn innan Atlantshafsbandalagsins og þegar af þeirri ástæðu ættu landsmenn að óttast innrás óvinaafla,“ segir Arnór á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær. ■

# Krefja Embætti landlæknis um háar skaðabætur vegna riftunar á samningi

Skaðabótamál gegn Embætti landlæknis vegna flutnings úr Heilsuverndarstöðinni verður mjög umfangsmikið. Farin verður vettvangsferð í húsið og á þriðja tug vitna kallaður til.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Eignarhaldsfélagið Álfvatn, sem á Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg 47, krefur Embætti landlæknis um skaðabætur vegna riftunar á leigusamningi. Embættið rifti samningnum fyrir fjórum árum vegna myglu. Álfvatn útilokar ekki frekari málsóknir á hendur embættinu vegna málsins.

„Þetta eru fjárkröfur vegna þeirra gjaldföllnu leigugreiðslna og kostnaðar sem féll frá því að Embætti landlæknis lýsti yfir riftun á leigusamningnum og til þess tíma þegar stefnt var,“ segir Arnar Vilhjálmur Arnarsson, lögmaður Álfvatns.

Árið 2011 leigði Embætti landlæknis Heilsuverndarstöðina með samningi til 15 ára, eða til ársins 2026. Þann 24. mars árið 2019 rifti embættið samningnum. Samkvæmt Ölmú Möller landlækni höfðu um 20 af 60 starfsmönnum fundið fyrir einkennum myglu og sumir gátu ekki unnið í húsinu.

Þorsteinn Steingrímsson, forsvarsmáður Álfvatns, sakaði hins vegar embættið um vanrækslu og sóðaskap sem hefði orsakað skemmdir og myglu í húsnæðinu sem var vígt árið 1957 og þótti mjög áberandi húsnæði í Reykjavík á sínum tíma.

Fréttablaðið greindi frá því í desember árið 2021 að Álfvatn hefði stefnt Embætti landlæknis, en ríkinu er stefnt til vara. Undir-



Samkvæmt Embætti landlæknis veiktust 20 af 60 starfsmönnum embættisins vegna myglu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Það má gera ráð fyrir því að frekari kröfur geti fylgt í framhaldinu.



Arnar Vilhjálmur Arnarsson, lögmaður Álfvatns

búningur málsins hefur hins vegar tafist og málið vaxið að burðum síðan þá. Er nú ljóst að málið verður mjög umfangsmikið.

„Enn gildnar þetta mál undir belti,“ sagði Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari þegar á þriðja tug dómsskjala var bætt við málið í gær. En þau eru nú um 200 talsins. Stefnt er að því að aðalmeðferðin taki þrjú daga með vitnaleiðslum á þriðja tug vitna. Kalla þarf til danskan dómtúlk og í upphafi aðalmeðferðar verður farið í þriggja tíma vettvangsferð í Heilsuverndarstöðina. Ef ekki verða frekari tafir á málinu er gert ráð fyrir að það fari fram um miðjan apríl.

Þetta gæti hins vegar orðið aðeins byrjunin á löngum málaferlum og Arnar útilokar ekki aðrar kærur. Svo sem að Álfvatn

krefjist skaðabóta vegna meintrar áður nefndrar vanrækslu. „Í þessu máli er undirliggjandi ágreiningur um lögmati riftunarinnar,“ segir Arnar „Það má gera ráð fyrir því að frekari kröfur geti fylgt í framhaldinu,“ segir hann.

Leigutekjur Álfvatns af Heilsuverndarstöðinni voru umtalsverðar. Frá 2011 til 2019 greiddi Embætti landlæknis 370,7 milljónir króna, eða rúmlega 46 milljónir á ári í húsaleigu. Auk þess greiddi embættið 13,8 milljónir króna í rafmagn og hita.

Þá greiddi Embætti landlæknis 18,7 milljónir króna samanlagt vegna myglumálanna og flutninganna. Svo sem fyrir leigu í tíma-bundnu húsnæði í Skógarhlíð, flutningskostnað og verkfræðiúttektir. ■

## Fá ekki að hanga á röngu lögheimili

benediktarnar@frettabladid.is

**HÚSNÆÐISMÁL** Þinglýstir eigendur fasteignar þurfa ekki að hafa áhyggjur ef einstaklingur skráir lögheimili á þeirra eign. Hægt er að leysa slík mál með einfaldri tilkynningu, segir sérfræðingur hjá Þjóðskrá.

Um helgina bárust fréttir af boðflennu á heimili í Snælandi sem hafði bætt nafni sínu á póstkassa fjölskyldunnar. Málið reyndist byggt á misskilningi og var boðflennan nýr leigjandi í sömu blokk sem ruglaðist einfaldlega á íbúð.

Karen Edda Benediksdóttir, sérfræðingur hjá Þjóðskrá, segir að þinglýstir eigendur fasteignar fái tilkynningu þegar einhver skráir lögheimili sitt hjá þeim og oft sé mjög einfalt að leysa úr slíkum misskilningi.

„Fólk er mjög duglegt að láta



Einstaklingar skrá sig merkilega oft vitlaust.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.



Misskilningurinn um helgina olli töluverðum usla í netheiminum.

okkur vita ef einhver hefur skráð sig rangt,“ segir Karen, en að hennar sögn er algengt að fólk gleymi einfaldlega að færa lögheimili sitt.

„Ef við fáum ekki svör eða nein viðbrögð frá þeim, þá er hann yfirleitt skráður án heimilisfangs.“

Fólk fær ekki að hanga á röngu heimilisfangi áfram,“ segir Karen. ■

**FRÁBÆRT TILBOÐ**  
á [kver.is](http://kver.is) – kr. 2.799

Dásamlega ævintýrið um Jakob og risastóru ferskjuna er nú komið í nýrri þýðingu Sólveigar Sifjar Hreiðarsdóttur. Fæst í bókabúðum og á [kver.is](http://kver.is). Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

# Halló allt á sínum stað

**Nýtt**

**PANSARTAX**  
kassar með loki  
B33×D33, H16,5 cm

**1.490,-/stk.**

**Nýtt**

**PANSARTAX**  
kassar með loki  
B33×D33, H33 cm

**1.990,-/stk.**

**Nýtt**

**PANSARTAX**  
kassi með loki  
B16,5×D16,5, H16,5 cm

**795,-**



Verzlun opin **11-20** alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)

## Hundrað milljóna króna uppbygging

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTFIRÐIR** Félagið Þingeyri ehf. í eigu lögmannsins Kjartans Ingvarssonar, hefur keypt hina sögufrægu Gramsverslun á Þingeyri. Verslunin, sem var byggð af danska kaupmanninum Niels C. Gram árið 1890, hefur staðið auð og verið í niðurniðslu undanfarnin ár. Hún var í eigu Ísafjarðarbæjar sem hefur leitað að áhugasömu fólki til að taka við byggingunni.

„Ég er mjög hrifinn af Vestfjörðum og hef áhuga á endurbyggingu gamalla húsa,“ segir Kjartan, sem er þó ekki Vestfirðingur sjálfur. „Ég hef verið á Þingeyri og horft á þetta hús grotna niður. Það er mikilvægt að einhver taki húsið aftur í fangið og hefji það upp til vegs og virðingar.“

Kjartan fær húsið án endurgjalds en með skilyrðum um að gera það upp. Áætlaður kostnaður er um 100 milljónir króna að lágmarki. „Það þarf að endurnýja húsið hátt og lágt í samráði við Minjastofnun. Burðarvirkið er ágætt en það þarf að endurnýja útveggi, klæðningu, setja lagningar og skólpu og allan pakkann. Í sjálfu sér er þetta fohelt hús,“ segir Kjartan.



Það er mikilvægt að einhver taki húsið aftur í fangið og hefji það upp til vegs og virðingar.



Kjartan Ingvarsson, lögmaður

Vonast hann til að skrifað verði undir afsalið í næstu viku og þá getur undirbúningur að framkvæmdum hafist strax. Þetta muni hins vegar taka tíma.

Gert er ráð fyrir fjölþátta starfsemi í húsinu. Á jarðhæð verður gestastofa þjóðgarðsins, upplýsingamiðstöð, verslun og aðstæða fyrir fólk að hittast. Á miðhæðinni verður sýningarrými og skrifstofur í risi. ■

## Þrjár sprengjuhótanir á þessu ári

lovisa@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár sprengjuhótanir hafa borist embætti lögreglunnar á Suðurnesjum á þessu ári. Ein slík barst fyrir tæpum tveimur vikum og hefur einn verið handtekinn vegna hótunarinnar. Hótunin var ekki talin trúverðug að mati lögreglunnar en töluverður viðbúnaður var við ráðhús Reykjanesbæjar þegar hótunin barst í almennt tölvupóstfang bæjarins. Einn var handtekinn í síðustu viku við komu til landsins.

Á síðasta ári bærust alls sex sprengjuhótanir til embættisins. Fimm af þessum sprengjuhótunum voru metnar óljósar og ótrúverð-



Töluverður viðbúnaður var við ráðhús Reykjanesbæjar þegar hótunin barst.

ugar en ein sprengjuhótunin var greinarbetri en hinar fimm.

Í svari lögreglunnar á Suðurnesjum segir að til umfangsmikilla aðgerða hafi komið á Keflavíkurflugvelli í tveimur þessara tilvika, þar sem um var að ræða flugvélar á flugleið milli Evrópu og Bandaríkjanna, þegar sprengjuhótanir bærust. ■



Einungis 20 prósent aðspurðra í könnun Gallup voru andvíg frekari virkjunarframkvæmdum.

MYND/LANDSVIRKJUN

## Verðmæti eru í virkjunum

Níu af hverjum tíu Íslendingum telja að Landsvirkjun skapi mikil verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Tæp 30 prósent meta verðmætin gríðarmikil, rúm 30 prósent mjög mikil og um 27 prósent frekar mikil.

olafur@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Þetta eru niðurstöður úr skoðanakönnun sem Gallup vann fyrir Landsvirkjun. Könnunin var unnin í lok síðasta árs, en í uppgjöri Landsvirkjunar í febrúar síðastliðnum kom fram að orkufyrirtækið hyggst greiða 20 milljarða króna í arð til ríkisins.

Í könnun Gallup var einnig spurt hvort virkjanir Landsvirkjunar hafi haft jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Niðurstaðan var sú að riflega þrjár af hverjum fjórum aðspurðum segjast vera þeirrar skoðunar að þær hafi haft jákvæð áhrif á samfélagið.

Þegar fólk í nærsamfélagi virkjana er spurt, það er á sjálfum starfsvæðum Landsvirkjunar, hvort það telji virkjanir Landsvirkjunar hafa haft jákvæð áhrif þar heima í hér-



Landsvirkjun hefur alltaf lagt sig fram um að starfa með nærsamfélagi sínu og vera góður granni.



Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

aði eru viðbrögðin enn jákvæðari gangvart virkjunum. Algengt er að yfir 80 prósent heimafólks meti áhrifin jákvæð, hluti svarar hvorki/né en neikvæðir eru oftast á bilinu 2-5 prósent.

Þá lýstu um 65 prósent allra aðspurðra sig fylgjandi frekari virkjanaframkvæmdum hér á landi

og rúm 16 prósent að auki tóku ekki afstöðu. Frekar, mjög eða alfarið andvíg frekari virkjunum voru samtals 20 prósent, eða um fimmtungur aðspurðra.

**Viljum vera góðir grannar**

Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, segir niðurstöðurnar mjög ánægjulegar en að þær hafi ekki komið Landsvirkjunarfólki á óvart. „Við finnum auðvitað stuðninginn við orkufyrirtæki þjóðarinnar þar sem við störfum. Landsvirkjun hefur alltaf lagt sig fram um að starfa með nærsamfélagi sínu og vera góður granni og við ætlum að kappkosta að vera það áfram.“

Fréttablaðið greindi frá því síðastliðinn föstudag að erlendir ferðamenn á Íslandi væru sáttir við þá grænu orkuvinnslu sem þeir yrðu varir við á ferðum sínum. Um 99 prósent töldu orkuvinnsluna ýmist hafa haft jákvæð áhrif eða engin á upplifun þeirra af íslenskrum náttúru.

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn í dag, þriðjudag, kl. 14 í Hörpu. ■

## Óttast að aflsmun meirihlutans verði beitt

olafur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi beitti meirihlutaafli í gær til að koma í veg fyrir að Jóhann Páll Jóhannsson, þingmaður Samfylkingarinnar, fengi að bera upp fyrirspurn til þingforseta um greinargerð Sigurðar Þórðarsonar, fyrrverandi setts ríkisendurskoðanda, um Lindarhvol.

Á forsætisnefndarfundi í gærmorgun greiddu allir nefndarmenn, nema Birgir Ármannsson forseti, atkvæði með því að birta greinargerðina og staðfestu niðurstöðu nefndarinnar frá því 4. apríl 2022.

Atkvæðagreiðslunni um fyrirspurnina var tvívegis frestað og hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að flestir þingmenn Vinstri grænna hafi viljað samþykka heimildina. Haldnir voru þingflokksfundir stjórnarflokkanna og að loknum löngum þingflokksfundum VG gengu allir þingmenn flokksins í takt við Birgi Ármannsson og Sjálfstæðisflokkinn.

Í síðustu viku lögðu þingmenn ríkisstjórnarmeirihlutans í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til að nefndin tæki skýrslu Ríkisendurskoðunar um Lindarhvol, sem ekki tókst að afgreiða á síðasta kjörtímabili, til umfjöllunar á ný. Var það samþykkt.



Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, fær ekki spurningu um Lindarhvol.

Ástæðan fyrir því að ekki tókst að afgreiða hana á síðasta þingi var sú að nefndin fékk ekki að fjalla um greinargerð Sigurðar Þórðarsonar um málið, en í endanlegu skýrslunni var níu atriðum í greinargerð Sigurðar andmælt sérstaklega. Nefndin taldi sig ekki geta afgreitt skýrsluna án þess að hafa greinargerðina til hliðsjónar.

Nú óttast sumir stjórnarandstæðingar að ríkisstjórnarmeirihlutinn hyggist nota meirihlutaafli sitt til að keyra í gegn samþykkt á skýrslu Ríkisendurskoðunar án þess veita þingmönnum eðlilegan aðgang að greinargerðinni. ■

## Allsherjaratkvæðagreiðsla VR

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsfólks VR vegna kjörs formanns og stjórnar VR, skv. 20. gr. laga félagsins, hefst kl. 09.00 miðvikudaginn 8. mars nk. og lýkur kl. 12.00 á hádegi miðvikudaginn 15. mars 2023.

Atkvæðagreiðslan er rafræn á vr.is. Valið er milli tveggja frambjóðenda til formanns VR og 16 frambjóðenda til stjórnar VR. Merkja skal við mest sjö frambjóðendur í stjórnarkosningum.

**Kjörstjórn VR**

**Hvernig kýst þú formann og stjórn VR**

- Smelltu á „Kosningar í VR 2023“ á vr.is
- Skráðu þig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum
- Atkvæðaseðill opnast með upplýsingum um hvernig þú átt að kjósa

**Frambjóðendur til formanns, í stafrófsröð**

Elva Hrönn Hjartardóttir  
Ragnar Þór Ingólfsson

**Frambjóðendur til stjórnar, í stafrófsröð**

Árni Konráð Árnason  
Gabriel Benjamin  
Halla Gunnarsdóttir  
Helga Ingólfssdóttir  
Jennifer Schröder  
Jóhanna Gunnarsdóttir  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Nökkvi Harðarson  
Ólafur Reimar Gunnarsson  
Sigríður Hallgrímsdóttir  
Sigurður Sigfússon  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir  
Vala Ólöf Kristinsdóttir  
Þorsteinn Þórólfsson  
Þórir Hilmarsson  
Ævar Þór Magnússon

VR



Jimmy's poppið  
er nú loksins fáanlegt á Íslandi.  
Veldu nú þann sem að þér þykir bestur

KOMIÐ Í VERSLANIR

## STÓRA KÓKAINMÁLIÐ 2022

Ekki höfuðpaurar,  
aðeins það sem  
létu tilleiðast

Vitnaleiðslum í stærsta kókaínmáli Íslandssögunnar lauk í gær og um leið fjölmiðlabanni. Sakborningarnir fjórir játa aðild að málinu en segjast hafa gegnt litlu hlutverki. Þeir séu ekki höfuðpaurar og viti ekki hverjir skipulögðu það.

helenaros@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Sakborningarnir fjórir í stærsta kókaínmáli Íslandssögunnar játa allir aðild að málinu en þeir telja sig þó aðeins vera það í stóra samhenginu. Hlutverk þeirra sé óverulegt og að þeir hafi ekki staðið að skipulagningu innflutningsins.

„Mér finnst þetta mál hafa verið vanrannsakað og að enginn mikilvægur maður sitji hér inni í réttarsal,“ sagði Birgir Halldórsson, einn sakborninga málsins, meðal annars við skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar síðastliðnum þegar aðalmeðferð málsins hófst. „Menn geta svo sem gert lítið úr sínu hlutverki ef þeir vilja en sendingin er 98 kíló. Þeir virðast vera meðvitaðir um það að þetta sé stór sending,“ sagði lögreglu maður fyrir dómi.

Dómari setti fjölmiðlabann á fréttáflutning úr dómsal þar til vitnaleiðslum í málinu lyki og því ekki hefur mátt fjalla um málið fyrr en nú. Vitnaleiðslum lauk í gær þegar hollensk yfirvöld gáfu skýrslu í gegnum fjarskiptabúnað. Mennirnir fjórir hafa setið í gæsluvarðhaldi í tæpa átta mánuði, allt frá því að þeir voru handteknir að kvöldi til þann 4. ágúst í fyrra.

Fjórmenningunum er gefið að sök að hafa staðið að innflutningi á um hundrað kílóum af kókaíni frá Brasilíu auk peningabættis upp á samtals tæpar 63 milljónir króna. Lögreglan lýsti því fyrir dómi hvernig sköðun á gögnum í saltdreifarmálinu svokallaða, einu stærsta



Mér finnst þetta mál hafa verið vanrannsakað og að enginn mikilvægur maður sitji hér inni í réttarsal.

Birgir Halldórsson,  
einn sakborninga málsins

fíkniefnamáli sinnar tegundar hér á landi, hefði orðið til þess að þeir komust á snóðir um þetta mál.

Lögreglan telur innflutninginn þaulskipulagðan og að hver og einn ákærðu hafi haft ákveðið hlutverk. Samkvæmt lögreglu virðist hlutverkaskipting sakborninga málsins hafa verið á þá leið að Páll hafi séð um að koma gámnum og timbrinu til landsins frá Brasilíu, Jóhannes hafi haft það hlutverk að tala við Pál og koma framvindu mála áleiðis til Birgis. Birgir hafi svo átt að tilkynna þær upplýsingar til Nonna á samskiptaforritinu Signal, ekki er vitað hver sá aðili er, og Jóhannesar. Nonni gaf svo Daða fyrir mæli. Ljóst er að ýmsum spurningum málsins er enn ósvarað og þar á meðal hver tæður Nonni er.

Munnlegur málflutningur ákærvalds og verjanda fer fram á miðvikudaginn næstkomandi. Dómsuppkvaðningar í málinu er svo að vænta innan fjögurra vikna frá þeim degi. Verði mennirnir dæmdir sekir eiga þeir yfir höfði sér þunga dóma. ■



Fjórmenningarnir við upphaf aðalmeðferðar málsins í janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hinir ákærðu

**Páll Jónsson (Páll timbursali)**  
1955

Upplifði að verið væri að notfæra sig í málinu. „Það var bara verið að nýta mína þekkingu í farmflutningum á timbri frá Brasilíu til Íslands. Það er það sem þessir menn voru að nýta sér. Það er ekkert annað,“ sagði Páll.

Hann lýsti miklu álagi á sér í aðdraganda málsins sem leiddi til þess að hann féllst á að taka þátt. Þá hafi hann staðið í þeirri trú að flytja ætti inn sex kíló af fíkniefnum en ekki tæplega hundrað. „Ég var kominn í andlegt þrot,“ sagði Páll en hann greindi frá því að tvö dauðsföll innan fjölskyldunnar hefðu haft mikil áhrif á sig. Sonur hans hefði látist í mars 2021 og í maí sama ár hefði tengdamóðir hans látist og það hefði tekið gríðarlega á.

**Daði Björnsson**  
1992

Harmar að hafa fallist á þátttöku í málinu. Honum hafi verið sagt að þetta tæki skjótt af, hann væri eingöngu að fylla í skarðið fyrir annan. „Ég áttaði mig ekki á alvarleika og hversu umfangs-

mikið málið var,“ sagði Daði.

Hann hefði verið beðinn um að geyma trjádrumba en honum hefði ekki verið greint frá því að eitthvað væri inni í þeim fyrr en nokkrum dögum síðar. „Hann talaði svona undir rós en ég gat gert mér í hugarlund að hann væri að ræða einhver ólögleg efni,“ sagði Daði en hans hlutverk var að geyma trjádrumbana í iðnaðarhúsnæði við Gjähellu í Hafnarfirði sem hann hafði tekið sérstaklega á leigu vegna málsins. Auk þess að hýsa timbrið tók Daði efnin úr því, vigtaði og pakkaði samkvæmt beiðni.

**Jóhannes Páll Durr**  
1994

Sagði þátttöku sína afar veigalitlega. Hann hefði verið blankur og að það hefði ekki verið neitt launungarmál. Aðili, sem hann vildi þó ekki nafngreina, hefði komið og boðið honum lítinn þátt í verkefni fyrir fimm milljónir króna, sem hann þáði.

Jóhannes sagðist ekki vita hverjir stæðu að baki innflutningnum. „Ég gerði mér grein fyrir að það væri eitthvað ólöglegt en ég vildi vita sem allra minnst.

Mér leið ekki vel með mína þátttöku,“ sagði Jóhannes aðspurður hvenær hann áttaði sig á því að sendingin innihéldi fleira en timbur.

**Birgir Halldórsson**  
1995

Hefur áður hlotið dóm fyrir fíkniefnalagabrot, fyrir um það bil sex árum. Hann sagðist hafa lofað sjálfum sér að koma ekki að neinu ólöglegu. „Ég neitaði með öllu að koma að þessu máli. Ég hef engar upplýsingar um hverjir koma að því og hvað átti að flytja inn til landsins.“

Birgir sagðist þó hafa látið tilleiðast þegar honum bauðst greiðsla að upphæð fimm milljónir króna. „Ég sé óendanlega mikið eftir því að hafa látið draga mig inn í þetta. Hlutur minn í málinu er óverulegur,“ sagði Birgir og bætti við að án hans hefðu hlutirnir samt átt sér stað. Hann hefði brugðist fjölskyldu sinni. „Það ætti að vera bergreinitlegt að þeir sem sitja héra inni eru ekki höfuðpaurar í þessu máli,“ sagði Birgir sem telur málið vanrannsakað og að lögreglan hafi málalöð óraunulega mynd af sér.

## Tímalína málsins

## 2019

Samskipti Birgis og Páls hófust en þau snéru að leigu á húsnæði.

## 2020 (október)

Páll pantar einingahús frá Brasilíu að beiðni Birgis.

## 2021

Seinni gámurinn pantaður en komu hans seinkaði talsvert vegna kórónuveirufaraldursins.

## 2022 (febrúar)

Fyrri gámurinn kom til landsins með einingahúsinu sem Birgir pantaði.

Lögreglan hafði fengið vísbendingar um sendinguna og möguleg fíkniefni innanborðs.

Lögreglan leitaði í gámnum en fann ekkert. Húsið í gámnum var hins vegar aldrei sótt.

## 2022 (maí)

Lögreglan fékk vísbendingar um að annar gámur væri á leið til landsins og voru hollensk yfirvöld látin vita.

Lögreglan hóf að hlera síma þriggja sakborninga málsins, Páls Birgis og Jóhannesar.

## 2022 (júlí)

Gámurinn lenti í Hollandi þar sem tollverðir í Rotterdam fundu tæplega hundrað kíló af kókaíni í timbrinu og var því skipt út fyrir gerviefni áður en gámurinn hélt af stað til Íslands.

Daði skrifaði undir leigusamning á iðnaðarhúsnæðinu við Gjähellu í Hafnarfirði þar sem trjádrumbarnir áttu að fara í geymslu og efnin sótt.



## 2022 (ágúst)

Gámurinn kom til landsins 2. ágúst en í honum var meðal annars timbrið þar sem kókaínið var falið.



Þann 4. ágúst sótti Páll efnin í gámnum og kom fyrir í bíl ásamt félögum sínum. Hann keyrði bílinn svo sjálfur að N1 í Hafnarfirði þar sem Daði tók við bílnum og keyrði að Gjähellu.

Daði fjarlægði efnin úr drumbunum, vigtaði og pakkaði.

Fjórmenningarnir voru svo handteknir um kvöldið og hafa setið í gæsluvarðhaldi fram til dagsins í dag.

## 2022 (nóvember)

Pingfesting málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur. Mönnunum er gefið að sök að hafa flutt inn tæpar hundrað kíló af kókaíni auk peningabættis að upphæð samtals tæpar 63 milljónir króna. Sakborningar ýmist neituðu sök eða neituðu að taka afstöðu til málsins.



## 2023 (janúar)

Aðalmeðferð málsins hófst 19. janúar og fjölmiðlabann tók gildi. Dómari tjáði fjölmiðlum að ekki mætti fjalla um málið fyrr en vitnaleiðslum væri lokið.

## 2023 (febrúar)

Framhald aðalmeðferðar átti að fara fram 9. og 10. febrúar. Henni var frestað vegna tafa hjá hollenskum yfirvöldum. Tafirnar snéru að framkvæmd skýrslutökunnar yfir Hollendingunum. Þann 17. febrúar fóru fram skýrslutökur í málinu yfir lögreglumönnum og sérfræðingum.



## 2023 (mars)

Í gær, 6. mars, lauk vitnaleiðslum í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur og þar með lauk margra vikna fjölmiðlabanni.

Næstkomandi miðvikudag fer fram munnlegur málflutningur ákærvalds og verjanda í málinu. Vænta má dómsuppkvaðningar að fjórum vikum liðnum.





FORSALA HAFIN

KEMUR Í BÍÓ  
10. MARS

SPYGLASS  
MEDIA GROUP

Dolby  
ATMOS



SCREAM VI IS A REGISTERED TRADEMARK OF PWB WORLD OF, EASTER UNLIMITED, INC. © 2023 ALL RIGHTS RESERVED. © 2023 PARAMOUNT PICTURES

# Nýr heimur opnaðist vegna tilviljana

bth@frettabladid.is

**MÝVATNSSVEIT** Eins og fram kemur á forsíðu er hinn nýuppgötvaði hellir í Mývatnssveit talinn liggja undir allar núverandi byggingar Jarðbaðanna í átt að Jarðbaðshólum, þar sem gufubað var til forna.

Of snemmt er að spá fyrir um hvort almenningur fær notið nýja náttúruundursins.

„Það yrði algjör draumur ef hægt væri að tengja heimsóknir baðgesta við hellinn,“ segir Guðmundur Þór Birgisson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna. Hann segir um að ræða mjög merkan fund.



Þá opnaðist þetta heljarinnar op.

Jóhann Kristjánsson, landeigandi

Hellisopin var lokað eftir forkönnun. Engir utanaðkomandi fá að heimsækja hellinn að svo stöddu. Mun að sögn Guðmundar taka tíma að meta ástand hans og gildi.

Til marks um þá röð tilviljana sem leiddi til þess að hulunni var svipt af undrinu sem lúrdi neðanjarðar er að verktakar voru farnir að aka möl í nýja grunninn og jarðvegsvinnu var í raun lokið. Þá var ákveðið að bæta við framkvæmdirnar, lengja húsið til norðurs sem nemur tveimur til þremur metrum, grafið niður um einn metra og allt í einu opnaðist nýr heimur.

„Þá opnaðist þetta heljarinnar op,“ segir Jóhann Kristjánsson.

Starfsmenn verktaka framkvæmdanna segja að fundur þessa hellis sé kraftaverk, samsafn ótrúlegra tilviljana. ■



Fyrsta myndin sem birtist opinberlega af hellisopinunni. Menn ráku upp stór augu þegar hulin verðld kom í ljós.

MYND/ADSEND



Yfir 400 stúlkur hafa veikt í Íran vegna eitrananna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Vill dauðarefsingu fyrir eitranirnar

benediktarnar@frettabladid.is

**ÍRAN** Ayatollah Ali Khamenei, leiðtogi Íran, segir að þeir sem eitnað hafi fyrir skólástúlkum í landinu eigi skilið dauðarefsingu og að eitranirnar séu ófyrirgef়anlegur glæpur.

Árásirnar hafa átt sér stað í fimm-tíu skólum og hafa meira en 400 skólástúlkur í 21 héraði víðs vegar um landið veikt.

Litið er vítað um eitranirnar og af hverju þær beinast að ungum konum, en ráðamenn í landinu telja að ófgatrúarhópar beri ábyrgð á þeim.

Á meðan telja aðrir að eitranirnar séu hefnd fyrir mótmælaölduna sem reið yfir landið í fyrra í kjölfarið á morðinu á Jínu Mõshu Amini. ■

## Flóttabarn fannst látið á Englandi

benediktarnar@frettabladid.is

**FLÓTTAFÓLK** Fjórtán ára stúlka frá Úkraínu fannst látin á strönd í Devon á Englandi á laugardag.

Dánarorsök stúlkunnar liggur ekki fyrir og hefur lögregla hafið rannsókn á andlátinu. Fólk sem býr við ströndina hefur verið beðið um að veita lögreglu aðgang að upptökum úr öryggismyndavélum og dýrasímum. Krufning fer fram á fimmtudaginn næstkomandi.

Lögreglan á svæðinu hefur staðfest að stúlkun og móðir hennar séu flóttamenn frá Úkraínu, sem flúðu landið eftir að innrás Rússa í Úkraínu hófst. ■

# Vindmyllur í stað myllanna sem voru felldar jafnvel háðar umhverfismati

Tvær vindmyllur sem reisa á í stað tveggja sem felldar voru í fyrra við Þykkvabæ gætu þurft að fara í umhverfismat, segir Rangárþing ytra.

gar@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Fyrirtækið Háblær ehf. hyggst reisa tvær vindmyllur nærri Þykkvabæ á grunni vindmylla sem kviknaði í og voru síðan teknar niður í fyrra.

„Nýju vindmyllurnar verða minni en fyrri vindmyllur en um 50 prósent aflmeiri sökum tækniframfara,“ segir í greinargerð Háblæs til sveitarfélagsins Rangárþings ytra. Verða nýju vindmyllurnar 900 kílóvött á móti 600 kílóvöttum sem gömlu myllurnar voru.

Vindmyllurnar tvær norðan við þéttbýlið í Þykkvabæ voru reistar á árinu 2014. Voru vindmyllurnar í rekstri þangað til að það kviknaði í þeim báðum, fyrri vindmyllan brann sumarið 2017 en sú seinni í ársbyrjun 2022 eftir að hafa hætt rekstri vegna bilunar í október 2019,“ er rakið í greinargerð Háblæs.

Áformað er að setja upp nýjar vindmyllur sem ná í 46,6 metra hæð í stað 53 metra sem fyrri myllur voru. „Í hæstu stöðu munu spaðarnir ná 67,6 metra hæð,“ segir Háblær. Áður hafi spaðarnir náð 74 metra hæð – sem er jafnhátt Hallgrímskirkjuturni.

„Til að forðast misskilning er athygli vakin á því að þessar myllur eru mun lægri og með mun minni spaða en þær vindmyllur sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum í tengslum við hugmyndir um vindorkuver víðs vegar á Íslandi. Í hæstu stöðu er hæðin einungis um þriðjungur af hæð þeirra vindmylla sem fjölmiðlar hafa fjallað um,“ segir Háblær.

Háblær segir umhverfisáhrif – þar með talin sjónræn áhrif – ekki umtalsverð og hljóðvist „innan allra leyfilegra marka við íbúðarhús og önnur hús á svæðinu, jafnt nótt sem dag“, eins og segir í greinargerðinni. Bendir félagið á að mastur fyrirhugaðrar brúar yfir Ölfusá við Sel-



Í greinargerð Háblæs er þessi tölvugerða mynd sem sýnir mismuninn á hæð nýju og gömlu vindmyllanna til hægri.

MYND/HÁBLÆR



Eru möstur vindmyllanna ósköp smávægileg í samanburði og ólíkleg til að hafa mikil áhrif á upplifun ferðamanna.

Úr greinargerð Háblæs

### Vindmyllur við Þykkvabæ

Fyrri vindmyllur voru í eigu Biokraft sem fór í þrot árið 2019. Háblær ehf. eignaðist eignir þrotabús Biokraft eftir að Eignabjarg ehf., félag í eigu Arion banka, tók þær yfir. Háblær fékk, með heimild Orkustofnunar frá 8. ágúst 2022, virkjunarleyfi Biokraft framselt. Háblær ehf. var stofnað sérstaklega til að taka niður fyrri tvær vindmyllurnar og reisa tvær nýrri í stað þeirra. Háblær ehf. er í eigu Eignabjargs og Qair Iceland, dótturfyrirtækis franska orkufyrirtækisins Qair.

foss verði umtalsvert hærra, eða 60 metrar.

„Þegar horft er til þess að langflestir ferðamenn sem koma til Þykkvabæjar verði búnir að keyra bókstaflega undir mun hærra og þykkara mastur, þá eru möstur vindmyllanna ósköp smávægileg í samanburði og ólíkleg til að hafa mikil áhrif á upplifun ferðamanna,“ segir Háblær.

Þrátt fyrir þetta álit Háblæs telur skipulags- og umhverfisnefnd Rangárþings ytra framkvæmdina gætu verið háða umhverfismati. „Skipulagsnefnd metur það einnig svo að áformin séu ekki að fullu í samræmi við stefnumótun um nýtingu á vindorku í Rangárþingi ytra,“ segir nefndin og nefnir þar sem dæmi viðmið um fjarlægð vindrafstöðva frá byggð og frístundasvæðum. ■

## Reynt að halda samstöðu gegn Erdoğan

thorggrimur@frettabladid.is

**TYRKLAND** Stjórnarandstöðuflokkarnir í Tyrklandi stóðu í gær í samningaviðræðum til að bjarga fyrirhuguðu kosningabandalagi sínu í forsetakosningum landsins í sumar.

Flokkarnir höfðu hug á að bjóða fram sameiginlegan frambjóðanda gegn forsetanum Recep Tayyip Erdoğan, sem hyggur á endurkjör.

Skodanakannanir benda til þess að Erdoğan, sem hefur verið við völd í Tyrklandi frá árinu 2003, sé valtari í sessi nú en hann hefur verið í mörg ár.

Óánægja með verðbólgu og viðbrögð stjórnarinnar við jarðskjálftunum í suðurhluta landsins hafa þar haft sitt að segja.

Engu að síður er búist við spennandi kosningum. ■



Meral Akşener, hér til vinstri, gekk á dyr vegna andstöðu sinnar við að Kemal Kılıçdaroğlu, leiðtogi Lyðveldisflokks alþýðunnar, yrði forsetaefni flokkanna.

**SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR**

- SPÁÍ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MÍÐ HJÁLPAÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI  
S. 660 8301

**ÁSTAND HEIMSINS**



Herkúlesflugvél svífur um loftin með miklu sjónarspili á alþjóðlegri flugsýningu í Avalon í Ástralíu. Sögu skipuleggjendur mikla fjölgun í hópi þátttakenda frá síðustu sýningu sem haldin var árið 2019. Sýningin nú er haldin á tímum vaxandi hernaðarlegrar spennu í Asíu og Kyrrahafinu.



Hátíð húðflúra á andlega sviðinu fór fram í Nakhon Pathom í Tailandi. Þangað mætti áhugafólk til að fá hið helga húðflúr Sak Yant og vera viðstatt trúarathafnir búddamunka. Sumir féllu í trans og hermdu eftir dýrum sem flúruð höfðu verið á húð þeirra.



Ríkisstjóri Flórída, Ron DeSantis, kynnti á sunnudag nýja bók sína í Air Force One-skálanum í bókasafninu sem kennt er við Ronald Reagan, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. DeSantis þykir líklegur til að gefa kost á sér sem forsetaframbjóðandi Repúblíkanaflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Úkraínუმენն úr tíunda fjalla-herfylkinu hlífa eyrunum er þeir skjóta af 122 millimetra fallbyssu í átt að hersveitum Rússa í Donetsk-héraðinu í austurhluta landsins.



Ungir loftslagsaðgerðasinnar létu til sín taka í Róm á Ítalíu. Var aðgerð þeirra hluti af hinu alþjóðlega skólaverkfalli fyrir loftslagið sem fram fer á föstudögum.

# Ofbeldi ekkert einkamál



Björk  
Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

**K**onur sem hafa orðið fyrir ofbeldi, líkamlegu eða kynferðislegu, eru allt að tvöfalt líklegri til að fá hjartaáfall heldur en jafnöldru þeirra sem ekki hafa orðið fyrir slíku ofbeldi.

Þetta segja bráðabirgðaniðurstöður nýrrar rannsóknar sem byggð er á gögnum úr einni víðamestu og mikilvægustu rannsókn sem unnin hefur verið hér á landi, Áfallasögu kvenna.

Tæplega 32 þúsund konur lögðu sitt af mörkum í Áfallasögu kvenna og hafa reglulega birst sláandi niðurstöður úr henni.

Niðurstöðurnar hafa til að mynda sýnt að fjörtíu prósent íslenskra kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi, þriðjungur íslenskra kvenna hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi á vinnustað og fjórtán prósent kvenna sýna einkenni áfallastreituröskunar.

Á lyflæknaþingi í liðinni viku voru kynntar bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar þar sem konnuð voru tengsl líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis við hjartaáföll og áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma. Áhættuþættir þeir eru reykingar, sykursýki og háþrýstingur. Aukið algengi hjartaáfalla meðal kvenna með ofbeldissögu var aðeins að litlum hluta útskýrt með þessum hefðbundnu áhættuþáttum.

Konur sem höfðu verið útsettar fyrir ofbeldi á lífsleiðinni voru allt að tvöfalt líklegri til að hafa greinst með hjartaáfall. Eins sláandi og þær tölur eru komu þær rannsakendum ekki sérlega á óvart, enda studdu fyrri rannsóknir héraðs sem erlendis, þessa niðurstöðu. Ekki er þó vitað hvað veldur tengslunum.

Berglind Guðmundsdóttir, yfirlæknir á geðsviði Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands, ræddi áföll og afleiðingar þeirra í Mannlega þættinum á Rás 1 í liðinni viku. Þar lagði hún áherslu á að aldrei væri of seint að vinna úr áföllum. Það væri klárlega kostur að vinna úr þeim fyrr, enda geti áfallastreita haft víðfeðm áhrif á líf einstaklings, á þroska hans, sambönd og jafnvel námsgetu en það væri þó aldrei of seint. Markviss úrvinnsla getur leitt til hamingjuríks lífs sem ekki er stjórnað af áföllum fortíðar. Niðurstöður þær sem hér er tæpt á eru enn ein áminningin um mikilvægi baráttunnar gegn ofbeldi. Ofbeldi er ekkert einkamál og úrvinnsla áfalla ekki eitthvað sem geyma má neðst á forgangslista okkar – þetta er dauðans alvara. Hjartans mál!

”  
Ofbeldi er ekkert einkamál og úrvinnsla áfalla ekki eitthvað sem geyma má neðst á forgangslista okkar – þetta er dauðans alvara. Hjartans mál!

## HALLDÓR



## FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

### Skipta um bikar

Diljá Pétursdóttir lyfti Eurovision-bikarnum um helgina með laginu Power. Diljá fékk yfirburðakosningu bæði frá almenningi og dómnefndinni. En bikarinn er bara einhver trékassi. Auðvitað ætti RÚV að sjá sér leik á borði og skipta um verðlaunagripum sem stofnunin gefur sínum sigurvegum. Það er jú veittur Hljóðnemi fyrir sigur í Gettu betur – sem myndi auðvitað sóma sér miklu betur í Eurovision en Gettu betur. Gáfuðu framhaldsskólakrakkarnir gætu þá fengið trékassann eftirsóttan en Eurovision-fararnir myndu fá Hljóðnemann. Það hljómar rökrétt.

### Appið góða

RÚV kynnti til leiks nýtt smáforrit í tengslum við Eurovision, RÚV Stjórnur. Segir í tilkynningu að margir hafi nýtt sér þann valkost. Í sömu tilkynningu segir að á úrslitakvöldinu hafi landsmenn gefið lögnum samtals 250 þúsund atkvæði og komu um 42 þúsund í gegnum smáforritið eða 16,8 prósent. Það þýðir að fólk hafi rífið upp símann 208 þúsund sinnum. Ef hvert atkvæði kostaði 169 krónur í símakosningunni fóru 35 milljónir hið minnsta í kassa RÚV og símafyrirtækjanna. Ekki er alveg vitað hvað atkvæðið kostaði í smáforritinu en ef það kostaði líka 169 krónur þá verða milljónirnar 44 – takk fyrir tókall. ■

## Brandarakarlar í Borgartúni



Bolli Héðinsson  
hagfræðingur

Samtök iðnaðarins hafa verið dugleg að búa til frasa og skýrslur á borð við „Hlaupum hraðar“, „Tækifæri til vaxtar“ og fleira í þessum dúr. Allt er þetta gott og blessað. Í gögnum frá þeim er oft að finna prýðilegar tillögur um það sem betur má fara í íslensku atvinnulífi en þar er alltaf forðast eins og heitan eldinn að tala um það sem máli skiptir, íslensku krónuna og vandkvæðin henni tengd. Til dæmis ef samtökin ætla sér að „Slíta fjöttrana“ eins og einn frasinn frá þeim hljóðar, þá ætla þau samt að vera áfram í fjöttrum íslenskrar krónu, eða þá „Hugsum stærra“ sem er frasi frá Viðskiptaráði, þá er hvergi vikið að þeirri óáran sem fylgir samlífi þjóðarinnar með krónunni.

Sambærileg samtök í nágrannalöndunum hafa öll verið í forystu fyrir inngöngu landa sinna í Evrópusambandið svo maður hlýtur að spyrja sig, hvað veldur því að íslensk systursamtök þora því ekki? Hví eru þessi samtök þessu marki brennd að þora ekki að hugsa út fyrir hinn pólitíska ramma sem ráðandi öfl (les; útgerðin) setur þeim?

Með því að neita að berjast fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu eru samtök í atvinnulífinu í raun að svikja félagsmenn sína um það viðskiptafrelsi sem þykir sjálfsagt í nágrannalöndunum.

Hér endurtekur sig sagan frá fyrri áratugum þegar það voru ekki stjórnmalaflokkar sem kenna sig við frelsi eða atvinnulífssamtök sem unnu að aðild Íslands að EFTA og EES heldur voru það stjórnmalaflokkar sem bera hag heildarinnar fyrir brjósti. Þegar vel er búið að almenningi þá gengur vel í atvinnulífinu þó að það sé ljóst að velferð almennings verður ekki kostuð nema með skattþeningum.

Enn á ný stilla Samtök iðnaðarins upp breiðum hópi, konum og körlum, sem á Iðnþingi eiga að fjalla um „Stóru vaxtartækifærin á Íslandi“. Það er ástæða til að hvetja til hlustunar eftir það verði áfram hinn holi hljómur sem þaðan hefur borist um árabíl og hvort hreðjatak útgerðarinnar ræði enn málflutningi samtakanna. ■

”  
Með því að neita að berjast fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu eru samtök í atvinnulífinu í raun að svikja félagsmenn sína.

## SKEMMTANIR HIN LANDSPEKKA, FRÁBÆRA SÖNGKONA OG SKEMMTIKRAFTUR

## ICY SPICY LEONCIE

VILL SKEMMTA  
UM ALLT LAND,  
Í ALLSKYNS OPINBERUM  
MANNFÖGNUM,  
MEÐ SÍNA BESTU  
VESTRÆNU  
SMELLI.

S. 854 6797

Sjáið: [www.youtube.com/icyspicyleoncie](http://www.youtube.com/icyspicyleoncie)  
BOOK NOW FOR SUPER ENTERTAINMENT





## Hjálpum þeim



Ólafur Ísleifsson  
hagfræðingur og  
fv. alþingismaður

Hjálpum þeim, lag Axels Einarssonar við texta Jóhanns G. Jóhannssonar í flutningi Hjálparsevitarnar, margra helstu störsöngvara þjóðarinnar, snertir taug í brjósti sérhvers manns.

Spurt var: Á ég að gæta bróður míns? Við velkjumst ekki í vafa um svarið: Já, við viljum gæta bræðra okkar og systra. Við viljum leggja okkar af mörkum til að lina þjáningar og neyð. Við viljum geta borið höfuðið hátt fyrir að hafa ekki brugðist þeim sem þurfa hjálp.

Hvernig getum við best lagt fólk í nauðum lið? Við fylgjum stefnu opinna landamæra, sem í eðli sinu er öfgastefna. Hún er ekki komin til vegna umræðu reistri á gögnum og með hliðsjón af reynslu nágrannaþjóða. Ákafafólk vill hafa þetta svona og aðrir hafa látið skeika að sköpuðu, kannski af ótta við brennimerkingu fyrir meinta mannvönsku. Stefnunni hefur verið hafnað af nágrannaþjóðum og er lýst sem mistökum.

### Frumatriði nýrrar stefnu

Fyrsta atriðið er að hverfa frá gildandi stefnu opinna landamæra og taka upp aðra hætti undir formerkjum öruggra landamæra. Opin landamæri samrýmast hvorki sjálfstæðu þjóðríki né fullveldi landsins. Fjöldi innflytjenda er ósjálfbær á alla tölulega mælikvarða. Kunnugir segja húsnæði á þrotum og virðist sem steinin hafi tekið úr þegar Festi í Grindavík var tekin trausttaki í þessu skyni.

Annað meginatriði er að takmarkað fé nýtist sem best og gagnist sem flestum. Við viljum ekki sóa fé í að halda uppi fólk í einu dýrasta landi í heimi þegar við getum hjálpað margfalt fleira fólk á heimaslóð eða fólk sem býr við ill kjör í flóttamannabúðum.

Við viljum nýta farveg alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Við getum þannig bólusett tugþúsundir barna í Afríku, grafið brunna til að tryggja fólk hreint vatn og áveitur til að efla matvælaframleiðslu. Við getum opnað skóla fyrir börnin og stutt við heilbrigðisferfi. Við getum kennt hagkvæmar aðferðir við fiskveiðar og fiskvinnslu og orkuöflun.

”  
Hvernig getum við best lagt fólk í nauðum lið?

Við getum hjálpað þeim sem höllustum fæti standa. Við getum verið stolt af framlagi okkar.

### Ísland er ekki söluvara fyrir glæpalýð

Danir velkjast ekki í vafa um að stór hluti fólksflutninga er í höndum ósvífins glæpahyskis. Slíkir aðilar selja ferðir til landa eins og Danmerkur og Íslands. Við viljum ekki skapa óvönduðum aðilum viðskiptatækifæri með því að hafa fé af fólk fyrir að selja þeim ferðir yfir Miðjarðarhafið í manndrápsfleytum. Danskir kratar segja Miðjarðarhafið kirkjugarð fyrir þúsundir fólks, karla, kvenna og barna. Við getum ekki staðið fyrir stefnu sem hefur slíka annmarka þótt við höfum að kröfu hins svokallaða góða fólks látið okkur þetta yfir okkur ganga of lengi.

### Við ýtum ekki undir mansal og kynferðisglæpi

Nágrannaþjóðir hafna stuðningi við glæpalýð sem selja ferðir til landa þeirra. Við hljótum að fylgja forðæmi þeirra. Ekkert sem við gerum má stuðla að mansali og kynferðisglæpum gagnvart konum og börnum eins og ríkislögreglustjóri hefur ítrekað varað við. Við höfum ekki verið nægilega varkár í þessu efni með því að fylgja stefnu mistakanna að kröfu handhafa góðmennsku og mannúðar. Okkur ber að taka fyrir þetta rétt eins og nágrannaþjóðir sætta sig ekki lengur við óbreytta stefnu sem hefur aðra eins fylgikvilla og við höfum verið vörud við.

### Öfgasjónarmið boðin fram í nafni mannréttinda

Píratar og a.m.k. ákveðnir þingmenn Samfylkingar og Viddreisnar hafa tekið málaflokkinn í gíslingu með því að krefjast opinna landamæra með tilheyrandi viðskiptatækifærum fyrir glæpalýð, mansal og svivirðingu á konum og börnum. Málþóf Pírata með kröfu um opin landamæri með stuðningi fylgitungla var réttlætt með því að talað væri í þágu mannréttinda. Þeim sem amla á móti er hótad brenni-

markinu stóra, rasistastimplinum í boði handhafa mannúðar og góðmennsku og pópulístaþimplinum í boði hins Samfylkingarsinnaða háskólasamfélags. Við getum ekki látið bjóða okkur þetta lengur.

### Við getum gert betur

Leyfum hinu svokallaða góða fólk, þið vitið fólkinu með siðferðislegu yfirburðina, einkaeign á mannúð og góðmennsku og rasistabrennimarkid á lofti, að þjóna lund sinni. Við hin skulum einbeita okkur að því að Íslendingar rétti fram hjálparhönd til bágstadds fólks þannig að við náum sem best til sem flestra um leið og við tryggjum örugg landamæri hér á landi. Við getum ekki staðið undir innflutningi úr samhengi við smæð þjóðarinnar en getum engu að síður lagt af mörkum með myndarlegum hætti og borið höfuðið hátt. ■



ÍS AFJARÐARBÆR

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 Mjólkárlna 2 í Arnarfirði

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 2. febrúar 2023 að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingum, unnin af Verkís ehf. fyrir Landsnet hf, vegna Mjólkárlna 2, þ.e. jarð- og sæstrengur í Arnarfirði skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010 og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna.

Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdætti. Gildandi aðalskipulag, þ.e. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31. mars 2010.

Breytingartillagan og umhverfismatsskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofunum að Hafnarstræti 1, Ísafirði frá og með mánudeginum 6. mars nk. til miðvikudagsins 19. apríl 2023 og hjá Skipulagsstofnun við Borgartún 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til fimmtudagsins **20. apríl 2023**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar eða á skipulag@isafjordur.is

**Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar**

job  
Fyrirum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



## Húsgögn fyrir kaffihús, bari og veitingastaði



FAMEG  
GERMAN DESIGN



KAJA  
ITALIAN INTERIOS



PEDRALI®  
THE ITALIAN ESSENCE



calligaris



VERSLUNARTÆKNI  
[www.verslun.is](http://www.verslun.is)



geiri  
[www.geirihf.is](http://www.geirihf.is)

STÓRELDHÚS  
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPPINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 -  
Sími: 535 1300 -  
[verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is)

# Þegar þrákelknin valtar yfir skynsemina



Ole Anton Bieltvedt  
samfélagsrýnir og  
alþjóðlegur kaup-  
sýslumaður

Um árabíl hef ég haft nokkra gleði af góðu rauðvíni. Auðvitað verður gleðin ekki mikil eða varanleg, nema hófs sé gætt. Ég hafði vit á því. Skynsemin réði.

Ég notaði lengi gamlan og góðan tappatogara við að opna þessar flöskur allar. Gekkt mest bærilega, en stundum hálfilla. Tappar gátu verið harðir og setið fast. Kom þá til sviptinga. Stundum helltust veigararnar á nýpressaðar buxur. Jafnvel þær ljósu.

Svo gerðist það, að sonur minn og tengdadóttir vildu létta mér lífið - og þeim sjálfum taugastrekkninginn - og gáfur mér nýttizkulegan flöskuopnara, sem maður rak niður í tappann með einu léttu átaki á sveif, og reif hann svo upp með öðru.

Þetta fannst þeim flott, mér líka, en, ég var bara vanur þeim gamla, og vildi ekki breyta. Venjan og þrákelknin réðu. Í mörg ár, þegar gleðilegt tilefni var, átti að lyfta rauðvinsglösum og sonur og tengdadóttir voru með, var ég spurður af hverju í ósköpunum ég notaði ekki nýja og góða tappatogaran. Ég þráaðist við: „Sá gamli er finn“.

Einn daginn gerðist það svo, að sá gamli og finni brotnaði hreinlega í höndunum á mér. Nú voru góð ráð dýr. Neyddist til að grípa til þess nýja. Í ljós kom, þegar ég loks fór í málið, að þetta var flott tæki. Það varð bara allt í einu nýtt líf að opna rauðvinsflösku!

Af hverju í ósköpunum hafði ég ekki farið yfir á nýja, góða og gleðilega upptakarann strax!? Þessi spurning vaknaði auðvitað. Hvaða skynsemi var það eiginlega, að þjósnast á gömlum, lélegum og erfíðum upptakara, þegar annar, nýr og miklu betri, stóð til boða!?

Greiningarferli hófst. Jú, mamma hafði verið Íslendingur og Vestfirðingur. Þar hafði lífsbaráttan í gegnum aldirnar verið hörð. Stundum var þá ekkert, sem hélt mönnum og lífi þeirra gangandi, einginn matur, engin hlýja, engin birta, engin von - bara þrákelknin. Með kynslóðunum stimplaðist þetta auðvitað inn



í genin og varð eðlishneigð. Smám saman kynngimögnuð.

Oft virðist hún hafa orðið skynseminni yfirsterkari, enda hefur skynsemin sennilega við margar aðstæður sagt: Bezt að gefast upp, forða sér vestur um haf eða henda sér fyrir björg.

Norðmenn urðu líka að byggja upp nokkurn þrá til að komast af og tryggja sitt líf. Þaðan fékk ég annan ríflegan skammt af þrákelkni, í mitt genamengi, frá pabba.

Eftir þetta tappatogarastríð og þessa greiningu hef ég margoft staldrað við, þegar ég hef fundið að þrákelknin og skynsemin væru að takast á.

27 ára dvöl í Þýzkalandi - landi vitsmuna, lærdóms, heimspeki, lista og menningar, þó undantekningin sanni þar líka regluna - og víða um lönd, ekki sízt í Asíu, hafa hjálpað mér, segi ég, að lemja niður þrákelknina og styrkja nokkuð skynsemina. Reyndar eru ekki allir á eitt sáttir um það.

Hví þessi hugleiðing og skrif? Hvaða varðar ágæta Fréttablaðslesendur um þetta?

Eftir að ég kom heim, nú í 5-6 ár, hef ég - byggt á áralangri reynslu og þekkingu af Evrópusambandinu og evru, í Þýzkalandi, í miðri atburðarásinni - talað sterklega fyrir því,

að við Íslendingar gengjum 100% í Evrópusambandið og tækjum upp evru.

Fyrir mér hefur þetta þó verið eins og tappatogaraslagurinn. Verulegur hluti landsmanna hefur viljað halda krónunni, þó að hún sé kunnur galla- og skaðræðisgripur, af gömlum vana og rammgerðri þrákelkni; „Við viljum bara íslensku krónuna okkar, hvað sem það kostar“. „Enga fjandans útlensku evru!“.

Ég hef skrifað yfir 100 greinar um þessi mál síðustu árin. Vil ég nú, enn einu sinni, í þeirri von, að dropinn holi steininn, rifja upp helztu staðreyndirnar og rökin, sem mæla með fullri ESB-aðild og upptöku evru.

1. Í gegnum EES- og Schengen-samningana erum við nú þegar 80-90% í ESB, en án allra áhrifa og valda; við erum hvorki með þingmenn á Evrópuþinginu, kommissar, ráðherra, í Brussel né aðgang að umræðu og ákvörðunum.
2. Með fullri aðild fengjum við sex þingmenn á Evrópuþingið, kommissar í Brussel, eins og öll hin aðildarríkin, og setu við borðið. Ekkert aðildarríki hefur nema einn kommissar.
3. Eins og öll aðildarríkin, lítill og smá, fengjum við neitunarvald

gagnvart öllum helztu stefnumálum og ákvörðunum sambandsins. Við gætum látið rödd okkar heyrast í allri umræðu og vakað yfir og tryggt okkar eigin hagsmuni.

4. Ætla má, að við myndum halda fullum yfirráðarétti yfir okkar auðlindum, fiskimiðum og afla, eins og Malta, þegar hún varð aðildarríki.
5. Ég tel líka, að við gætum tryggt hagsmuni og stöðu okkar íslenska landbúnaðar, við innngöngu, eins og Finnland og Svíum tókst að tryggja sinn landbúnað, vegna „norðennar legu“.
6. Með evru myndum við vita, hvað við eigum og skuldum. Hvoru tveggja myndi haldast stöðugt og óbreytt.
7. Vaxtakostnaður einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisins myndi haldast lágur; að meðaltali þriðjungur af krónuvöxtum.
8. Heildarvaxtaspárnaður lántakenda landsins gæti numið um 300 milljörðum á ári.
9. Vextir á teknum lánnum myndu ekki breytast, hækka, við stýrivaxtahækkanir, svo lengi sem lánasamningar væru í gildi; menn myndu vita og þekkja sínar skuldbindingar og greiðslubyrði.
10. Íbúðakaupendur myndu ekki þurfa að greiða sínar íbúðir 3-4 sinnum, með vöxtum, eins og hér er, en íbúðakaupendur Evru-landa borga þær 1,5 sinnum.
11. Erlendar smásölukeðjur- og bankar kæmu hér inn, sem myndi stórauka samkeppni og lækka vöruverð og þjónustukostnað.
12. Erlendir fjárfestar myndu koma hér inn og örva uppbyggingu og tryggja auknar framfarir og velsæld.
13. Ef við getum ekki tryggt okkar hagsmuni við samningaumleit-anir, förum við ekki inn.

Er ekki kominn tími til, að skynsemin valti yfir þrákelknina!? ■

## Ómögulegur ómöguleiki



Jón Steindór Valdimarsson  
formaður Evrópu-  
samtakanna

Aldrei hafa fleiri viljað ganga í Evrópusambandið og þeim fer fækkandi sem vilja það alls ekki. Stór hópur aðhyllist líka hvoruga þessara skoðana. Mörg eru alls ekki viss um hvað skynsamlegast er að gera. Önnur eru þeirrar skoðunar að ekki sé neitt vit í að gera upp sinn hug fyrr en samningur liggur á borðinu. Að án samnings sem hægt er að ræða efnislega sé tömt mál að tala um skynsamlega og yfirvegaða ákvörðun.

### Þjóðinni ekki hleypt að

Ísland hefur einu sinni sótt um aðild að Evrópusambandinu og hafið samningaviðræður. Þeim viðræðum var ekki lokið og aldrei kom til þess að samningur yrði borinn undir þjóðina. Alþingiskosningar voru haldnar og því hátiðlega lofað að almenningur fengi að segja hug sinn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það loforð hefur hins vegar aldrei verið efnt og báru sömu stjórnmálamenn því við að skyndilega væri pólitískur ómöguleiki kominn upp í málinu. Þar með þyrftu þeir ekki og ættu ekki að gera neitt frekar.

### 53.555 hunsuð

Rétt er að rifja upp að þessi undarlegu örlög aðildarviðræðna leiddu til einnar stærstu undirskriftasöfnunar sögunnar þegar 53.555 kosningabærir Íslendingar kröfðust þess að fá að kjósa um framhaldið eða



**Evrópuhreyfingin mun því undirbúa og efna til undirskriftasöfnunar meðal kosningabærra landsmanna um að fyrri atkvæðagreiðslan verði haldin.**

tæp 21%. Þá voru haldnir margir fjölmennir kröfufundir á Austurvelli þar sem því var mótmælt harðlega að samningaviðræðum hafi verið hætt. Hinn óviðráðanlegi og óskiljanlegi pólitíski ómöguleiki lét allt þetta sem vind um eyrun þjóta.

### Samhljómur um færa leið

Fátt er þó svo með öllu illt að ei boði gott. Af ummælum flestra stjórnmálaforingja og stefnuskrám flestra stjórnmálaflokkanna má ráða að samhljómur sé orðinn um að minnsta kosti eitt atriði þessa stóra máls. Í því felst að ekki verði teknar upp aðildarviðræður við Evrópusambandið um aðild Íslands nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eitt og sér er góðs viti.

### Íslensk Krýsuvikurleið

Hvað sem fólki kann að finnast um þessa leið og aðferðafræði þá er rétt



að horfast í augu við að hana verður að feta. Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla yrði einsdæmi meðal allra þjóða sem hingað til hafa ihugað eða sóst eftir aðild að ESB. Engu að síður styður Evrópuhreyfingin að sú leið verði farin til þess að leiða spurninguna um aðild Íslands að ESB til lykta. Fyrsta skrefið er að gera stjórnvöldum grein fyrir því að þjóðin vilji fá að taka þessar ákvarðanir. Það vill svo til að um þetta markmið ættu bæði þau sem eru hlynnt aðild og þau sem eru henni andvíg að geta verið samála.

### Ekkert er ómögulegt

Evrópuhreyfingin mun því undirbúa og efna til undirskriftasöfnunar meðal kosningabærra landsmanna um að fyrri atkvæðagreiðslan verði haldin. Því betur sem tekst til við þetta verkefni og fleiri skrifa undir þeim mun erfiðara verður fyrir stjórnmálamenn að beita fyrir sig hinum gamla pólitíska ómöguleika og neita þjóðinni um að leiða til lykta eitt stærsta hagsmunamál hennar fyrr og síðar.

Deilir þú þeirri skoðun skaltu ganga til liðs við okkur á [www.evropa.is](http://www.evropa.is). ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

ÞRIÐJUDAGUR 7. mars 2023



Bleikjan er feitur fiskur og er auðug af D-vitamíni og fitusýrum.

## Er hollur og fljótlegur að elda

gummi@frettabladid.is

Það efast enginn um að fiskur er holl matvara og fólk ætti helst að vera með fiskmeti í matinn tvisvar til þrisvar sinnum í viku sem aðalrétt. Það er mikið af próteini í fiski og ýmis önnur næringarefni má finna í honum, ekki síst jöð en jöðskortur er eitt stærsta lýðheilsuvandamál landsins.

Feitur fiskur er auðugur af D-vítamíni og ómega-3 fitusýrum en þessi næringarefni eru í fáum öðrum matvælum en sjávarfangi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að regluleg neysla á feitum fiski getur dregið úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum. Æskilegt er að ein af fiskmáltíðunum sé feitur fiskur og það getur verið lax, bleikja, lúða eða makrill. Fiskur er ekki einungis hollur heldur er hann líka fljótlegur í matreiðslu.

### Nokkur hollráð um fiskneyslu

- Prófa mismunandi aðferðir við að matreiða fiskinn. Hægt er að sjóða, gufusjóða, steikja eða grilla fisk eða baka í ofni með grænmeti og kryddjurtum.
- Notað hvern tækifæri til að fá sér fisk, til dæmis í mótuneytinu á vinnustaðnum eða þegar farið er út að borða.
- Notað fisk eða skelfisk sem álegg á brauð, í salöt, súpur og smárétti.
- Notað afganga af fiskréttum í salöt, plockfisk eða sem tortillufyllingu. ■



Feðgarnir Gísli Ásgeirsson og Óskar Hængur Gíslason eru báðir með ólækandi veiðidellu og miklir náttúruunnendur.

MYND/ADSEND

# Litirnir falla inn í umhverfið og náttúran fær að njóta sín

Veiðihúsið Fossgærði við Selá á Norðausturlandi er eitt fegursta veiðihús landsins. Gerðar hafa verið gagngerar endurbætur á húsinu innanhúss, það stækkað og klárað að fullu á metnaðargjarnan og vandaðan hátt í anda umhverfisins og af virðingu fyrir náttúrunni. **2**

## Alla daga gegn kulda og sól


Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup  
[www.celsus.is](http://www.celsus.is)



Veggklæðningar eru úr eikarbitum úr járnbrautarsteinum.



Litatónar og húsgögn herbergjanna skapa hlýju og ró.




Vínkælarnir eru í sérrými og þaðan sést í arininn.



Munir sem prýða húsið eru úr eigin safni í bland við muni frá breskum antik-sölum. Myndirnar eru með íslenska tengingu sem á vel við. MYNDIR/GOLLI



Heimilislegt umhverfi eins og í stofunni heima stuðlar að velliðan gesta.



Innréttingar eru íslensk smíð úr endurnýttum efnivið.



Í veiðihúsinu er dekrað við veiðifólk í mat og drykk.

Sjöfn  
Þórðardóttir  
sjöfn  
@frettabladid.is

Gísli Ásgeirsson er framkvæmdastjóri og leiðsögumaður Six Rivers Iceland og hefur haft yfirumsjón með Fossgerði. Gísli er með ólæknandi veiðidellu og í raun útivistardellu. Hann nýtur þess að vera í umhverfinu sem veiðihúsið við Selá býður upp á og líður hvergi ekki á svörum.

„Mér líður best úti undir beru lofti, helst í ósnertri íslenskrí náttúru.“ segir Gísli sem hefur mikla ástríðu fyrir starfi sínu.

Þegar Gísli er beðinn um að segja frá ánni Selá og náttúruundrinu sem einkennir umhverfið stendur ekki á svörum.

„Við erum þeirrar skoðunar að Selá og árnar á Norðausturlandi séu þær bestu í heimi. Auðvitað erum við ekki alveg óhlutdræg en við nánari skoðun má færa mörg rök fyrir þeirri fullyrðingu okkar. Ósnert náttúra, stórir fiskar, vatnsmiklar ár og góður aðbúnaður,“ segir Gísli og bætir við að þau leggi mikla áherslu á að vera með framúrskarandi þjónustu fyrir gesti sína.

Í fyrra var farið í gagngerar endurbætur á veiðihúsinu Fossgerði, þrátt fyrir að ekki sé langt síðan húsið var byggt.

„Húsið var byggt og tekið í notkun árið 2012. Við sem stóðum að því að byggja húsið tókum mikla áhættu fjárhagslega með

landeigendum og ef einhvers staðar var til sparað mætti segja að hönnun innanhúss hefði mátt vera betri þó ekki hafi verið kastað til höndunum við hana. Það var því þannig að þegar við sáum til lands fjárhagslega var tekin ákvörðun um að klára húsið að fullu,“ segir Gísli og er mjög ánægður með hvernig til tókst.

„Það sem vakti fyrir okkur var að bæta aðstöðuna með þeim hætti að gestir og veiðimenn gætu notið þess að verja tíma sínum inni við í afslöppun eða lestur bóka, í heimilislegu umhverfi þar sem stjarnað er við veiðimenn.“

Aðbúnaður við Selá er allur eins og hann getur best orðið við veiðiá. Fossgerði stendur við ána og er útbúið öllum þægindum eins og á góðu fimm stjörnu hóteli í einstakri náttúruparadis.

#### Húsgögnin endurnýtt

Húsið er hannað af Helga Hjálmarssyni en um val á munum og uppsetningu innanhúss sá Nadine Bartholomew frá Noam arkitektum í London. Mikill metnaður var lagður í að hafa hönnunina sem umhverfissvænasta.

„Öll hönnun og tilhögun í rekstri miðar að því að skaða ekki umhverfið og það mun gilda um alla okkar starfsemi. Til dæmis eru húsgögn endurnýtt, efnisval

er líka að hluta endurnýtanlegt og það sem boðið er upp á er úr nærumhverfinu. Litir eiga að falla inn í umhverfið og heildarhönnun er með þeim hætti að húsið kúri í umhverfinu, verði hluti þess en ekki aðskotahlutur. Öll atriði verða að falla að þessari hugmyndafræði; annars gengur hún ekki upp,“ segir Gísli.

Opna rýmið í Fossgerði er ekki svo mikið breytt frá því sem var, helst má nefna barinn sem er nýr.

„Við fundum fyrir þörf viðskiptavina í miðju hússins þar sem allir hittast, geta safnast saman og deilt sögum. Fallegur bar var því tilvalin lausn að okkar mati. Nýja svítan er líka vönduð viðbót í húsinu og íbúðin er einstaklega falleg,“ segir Gísli.

Húsið var upphaflega hannað með það að leiðarljósi að geta hýst ólíka hópa og er svítan partur af því. „Til að mynda gæti fjölskylda með börn eða tvenn hjón nýtt svítuna sem sitt afdrep frá öðrum í hópnun. Ekki síður erum við að gefa aðilum sem vilja vera heima kost á að líða vel í umhverfi sem minnir á veiðihús og heldur vel utan um gestina en gefur þeim kost á að njóta náttúrunnar með fallegu útsýni og beinni tengingu við Selá,“ segir Gísli og bætir við að einstaklega vel hafi tekist upp með svítuna í alla staði og útsýnið sé í

raun draumi líkast, lifandi málverk blasi við út um gluggana sem fangi augað alla daga.

#### Virðing fyrir náttúrunni

Innréttingar innanhúss eru í bland íslensk smíði og hönnun, en einnig eru notaðar einingar sem gengið hafa í endurnýjun lífdaga. Oft er um eik að ræða en gólfefni og veggklæðningar eru endurnýttir eikarbitar úr gömlum járnbrautarsteinum. Það er eins og hver einasti hlutur og hvert einasta smáatriði hafi verið útpælt. Sérstaklega fangar gamla veiðidótið augað.

Aðspurður segir Gísli þetta vera að einhverju leyti muni úr þeirra safni og eigu en líka munir sem fundust hjá antik-sölum á Bretlandseyjum. Myndir á veggjum eru oft af Íslandi og með íslenska tengingu sem á vel við.

Í hverju rými er skírskotun í íslenska náttúru sem útfærð er á vandaðan hátt.

„Við erum umhverfissamtök og í því felst takmarkalaus virðing fyrir íslenskrí náttúru í öllu sínu veldi. Við notum fugla og fiska, bæði uppstoppaða og myndir til að tengja við okkar starfsemi og umhverfi,“ segir Gísli sem er afar stoltur af þessari tengingu og af því að tekist hafi að tengja íslenska náttúru svona vel við vistarverur veiðimannsins á fallegan hátt. ■

Öll hönnun miðar að því að skaða ekki umhverfið. Húsgögn eru endurnýtt, efnisval er að hluta endurnýtanlegt og það sem boðið er upp á er úr nærumhverfinu.



# HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í MELTINGUNNI?

Bio-Kult Advanced inniheldur 14 tegundir  
sérvaldra frostþurrkaðra gerlastofna



Sérhönnuð góðgerlablanda sem hefur það að markmiði að byggja upp öfluga þarmaflóru og styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Bio Kult Advanced er jafnframt ein af fáum góðgerlablöndum sem innihalda jafn marga gerlastofna.

Bio-Kult góðgerlar henta vel samhliða sýklalyfjum en mælt er með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst. eftir inntöku sýklalyfjanna fyrir bestan árangur.

**Bio-Kult**<sup>®</sup>  
Advanced

# Fullt skegg, undir fjórum tommum og krullað yfirskegg



Jóhanna María Einarsdóttir  
jme  
@frettabladid.is

Íslandsmeistaramótið í skeggvexti fer fram í fyrsta sinn þann 25. mars næstkomandi. Jón Baldur býst við mikilli skeggfegurð enda segir hann Íslendinga þekktu fyrir einkar myndarlegan skeggvöxt.

Jón Baldur Bogason hjá Skeggfjelagi Reykjavíkur sér um keppnina en sjálfur skartar hann myndarlegu alskeggi sem hefur farið sigurför um heiminn. „Ég tek ekki þátt sjálfur að þessu sinni enda hafa margir sagt að þeir myndu ekki vilja keppa á móti mér og skegginu mínu. Ég ætla því að vera þarna á staðnum, líta út fyrir að vera mikilvægur og sjá til þess að allt gangi smurt fyrir sig,“ segir hann og hlær.

Keppt er í fjórum flokkum: Yfirvaraskeggi, hálfскеggi, fullu skeggi og skeggi með frjálsri aðferð/gervi-skeggi. „Þetta er allt eftir alþjóðlegri flokkun en sumum flokkum þurfti að þjappa saman þar sem við erum ekkert sérstaklega mörg hér á landi. Í sambærilegum keppnum erlendis er fullskegg flokkað aftur niður eftir lengd og hvort menn séu með krullað yfirvaraskegg eða ekki. Í hálfскеgginu er munur á því hvort um sé að ræða barta eða geitaskegg. Svo ákváðum við að sleppa freestyle-flokknum þar sem menn búa til alls konar listaverk úr skegginu. Það þótti betra að byrja smátt svona fyrst um sinn,“ segir Jón Baldur.

## Yfirvaraskegg og mullet

Árið 2020 átti að halda þetta fyrsta keppnismót í skeggvexti. „Tuttugu höfðu þá skráð sig, nokkuð jafnt í alla flokka og mikil eftirvænting í loftinu. En þetta var á planinu fimm mínútur í faraldur og því þurfti að hætta við keppnina.

Nú hafa ellefu skráð sig á Íslandsmeistaramótið og er von á að fleiri skrái sig þegar nær dregur. Mest finnst mér skritið að það vantar fólk í flokkinn yfirvaraskegg, en líklega er fólk bara enn að láta sér það vaxa. Ég hef fulla trú á að þetta verði fjölbreytt og skemmtileg keppni með nóg af flottu skeggi,“ segir Jón sem býst við mikilli skeggfegurð þann 25. mars.

Jón Baldur segist spenntur fyrir fyrstu alvöru skeggvaxtarkeppninni á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



„Við Íslendingar erum þekktir fyrir að vera með mikið skegg og núna finnst mér skeggið vera að koma til baka eftir faraldurinn. Margir rökðu það af þegar þurfti að ganga með grímurnar, enda kom alltaf óþolandi far í skeggið eftir þær. Sjálfur rakaði ég mig en hélt yfirvaraskegginu. En núna finnst mér þetta vera að koma aftur og ég sé marga með yfirvaraskegg og flott mullet í stíl. Ætli það sé þó ekki heimspekileg spurning hvort komi á undan, klippingin eða yfirvaraskeggið?“ spyr Jón og skellir upp úr.

## Skeggið skapar manninn

Dómararnir að þessu sinni eru þau Birgir Már Sigurðsson, einn eigandi Þoran distillery, Katla Einars förðunarfræðingur og Árni Eiríkur Bergsteinsson, hárgreiðslumeistari hjá Hárbeitt. Þegar kemur að keppnisvánu skeggi þá skiptir margt máli.

„Það skiptir máli hvernig þú hirðir skeggið og mótar það en líka hvernig það fer þér. Það fer ekki öllum að vera með yfirvaraskegg en kannski líta menn betur út með heilt skegg. Maður verður að finna sitt. Heildarútlitið skiptir líka máli í svona keppni. Fólk verður að hugsa út í hárið og klæðaburðinn líka og maður hefur jafnvel séð marga í erlendum keppnum með bera bringu.“

En skegg með frjálsri aðferð. Hvað er það?

„Þessi flokkur er fyrir þau sem geta ekki látið sér vaxa myndarlegt skegg, aðallega konur. Hér fá menn frjálsar hendur um hvernig skeggið eigi að vera. Ég hef séð ýmislegt skemmtilegt í þessum flokki og má meðal annars nefna þrjónað skegg, ferðatöskuskegg, blómaskkegg og margt fleira. Ég sá eitt sinn eina nota mótörhjólavarahluti til að sníða sér skegg og það kom reykur úr því.“

## Var alla vegu ekki neðstur

Jón Baldur er 36 ára og er einn af þeim sem hafa eiginlega alltaf látið sér vaxa skegg síðan hann gat það. „Þetta byrjaði í kringum árið 2013. Ég var að horfa á fréttirnar og á meðan textinn rúllaði eftir á var

Jón og félagarnir skegggræða málin eftir keppni í Antwerpen 2019.

MYND/ADSEND



Jón plataði systur sína, Mariu Erlu Bogadóttir, til að keppa með sér í skeggkeppni í Rugby í Bretlandi 2022 og enduðu þau bæði í fyrsta sæti í sínum flokki.

MYND/ADSEND

sýnt frá heimsmeistaramótinu í skeggvexti í Austurríki eða Þýskalandi. Þar sá ég geggjúð skegg og hugsaði með mér að ef þeir gætu þetta þá gæti ég það líka. Þá byrjaði ég að safna yfirvaraskeggi.

Þó svo ekki hafi verið haldin keppni í skeggvexti á Íslandi fyrr en nú þá var haldin keppni í yfirvaraskeggi á Tívoli í gamla daga, sem var kölluð Tom Selleck mottukeppnin. Ég náði sjálfur að taka þátt í henni 2015 og var það fyrsta slíka keppnin sem ég tók þátt í,“ segir Jón. Eftir það var ekki aftur snúið.

„Tveimur árum síðar tók ég þátt í heimsmeistaramótinu í skeggvexti í Austin í Texas.“ Aðspurður í hvaða sæti hann hafi lent þá hlær hann dátt og segir hálfvandráðalegur: „Við skulum segja að ég hafi verið með. Ég held ég hafi verið í 22. eða 25. sæti af 33. Ég var alla vegu ekki neðstur,“ segir hann og heldur áfram: „Það eru náttúrulega bara þeir allra bestu sem fara á heimsmeistaramótin og þarna var fullt af flottum skeggjum.“

Árið 2019 tók ég þátt í keppni í Glasgow og lenti í fyrsta sæti í mínum flokki sem er fullt skegg, undir fjórum tommum og krullað yfirskegg. Sama ár lenti ég í fimmta sæti í sama flokki á heimsmeistaramótinu í Antwerpen í Belgíu. Í sumar fer ég svo á heimsmeistaramótið í Münchenhausen og stefni á að vera í topp þremur í mínum flokki.“

## Algerlega þess virði

Núna er orðið ansi langt síðan Jón var nauðrakaður í framan. „Síðast rakaði ég mig fyrri part árs 2014 en alla tíð síðan hef ég verið skeggjaður,“ segir Jón. Hann segir það ekki einfalt að sjá um andlitshárin. „Þetta er náttúrulega allt of mikil vinna og miklu meiri en

hárið. Ef hárið er ekki nógu gott þá setur maður bara húfa á hausinn. Ég sneiði líka hjá ákveðnum matartegundum vegna skeggsins, helst ísnum og svínarífjum, já og kjúklingavængjum. Þá getur skeggið verið mikið fyrir, sérstaklega ef maður er að færa það til með puttana útataða í sósu, en þetta er algerlega þess virði,“ segir hann.

„Það skemmtilegasta við þessar keppnir er að þær snúast alltaf um gott málefni. Ég hef kynnst fjöldanum öllum af skemmtilegu fólki í gegnum þetta áhugamál. Það er mikið til sama fólkið sem tekur reglulega þátt. Þetta eru þó alls konar týpur sem eiga það sameiginlegt að vera miklar félagsverur og finnst gaman að hittast og drekka bjór. Svo passa allir að vera með gott rör með sér,“ segir Jón og hlær.

## Fimmta fallegasta alskeggið

Keppnin fer fram á Gauknum 25. mars og öllum er velkomið að taka þátt. Gjald fyrir þátttakendur og áhorfendur er 1.500 krónur. Aldurstakmark inn á staðinn er þó 20 ára. Allur ágóði af keppniskvöldinu rennur til Krabbameinsfélagsins og Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Skráning fer fram á beard.is.

Aðspurður hvað taki við hjá sigurvegurinum í keppninni þann 25. mars segir Jón Baldur: „Þetta snýst náttúrulega aðallega um góðgerðarmálin og að geta montað sig af því að vera með flottasta skeggið. Sjálfur get ég montað mig af því að ég sé með fimmta fallegasta alskeggið í heiminum sem er undir fjórum tommum með krulluðu yfirskeggi. En það er nóg af plássi að skella sér með mér til Münchenhausen og taka þátt í heimsmeistaramótinu í sumar,“ segir Jón. ■

Íslenskt

## Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein  
Einstök virkni sæbjúgnaextrakts úr íslensku hafi

partur af lífinu

VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK

120 hylki

NORDIC NUTRITION ● PROTIS

Fæst í helstu matvöruverslunum, apótekum og á [www.protis.is](http://www.protis.is)

# Samtök sem breyta samfélagi



**Breki Karlsson**  
formaður Neytendasamtökanna

„Neyslan er lokatakmark allrar framleiðslu,” sagði Sveinn Ásgeirsson í útvarpserindi sínu þann 21. október 1952, fyrir rúmum 70 árum, erindi sem átti eftir að leggja grunninn að stofnun Neytendasamtökanna hálfu ári síðar. Í erindinu vakti Sveinn, sem varð fyrsti formaður samtökanna, athygli á því alvarlega jafnvægisleysi milli framleiðenda annars vegar, sem eru fáir og sterkir, og neytenda hins vegar, sem eru fjölmargir og dreifðir.

Neytendasamtökin hafa barist fyrir hagsmunum neytenda í hartnær 70 ár og oft haft erindi sem erfiði. Á fyrsta starfsárinu, 1953, kom upp svokallað „Hvile vask mál”, en Hvile vask var þvottaefni sem sagt var mun betra en önnur. Samtökin mótmæltu þeim staðhæfingum og höfðu að innflytjandinn mál gegn samtökunum í kjölfarið. Neytendasamtökin töpuðu málinu í undirrætti, en unnu fyrir Hæstarætti. Þvottaefnið hvarf fljótlega af markaði í kjölfarið.

Neytendasamtökin hafa í gegnum tíðina bent á ýmislegt sem betur mætti fara í landbúnaðarkerfinu, svo sem ofurtolla og innflutningsbann. Einhver muna vissast eftir stóra kartöflumálinu, hvar Neytendasamtökin börðust árum saman gegn ríkisrekinni einokunarverslun sem seldi óætar kartöflur og flokkaði jafnvel sem fyrsta flokks. Steininn tók úr árið 1984 þegar sýktar og óætar kartöflur voru fluttar inn. Á einungis þremur dögum skrifuðu 20 þúsund manns nöfn sín á undirskriftalista og kröfðust þess að innflutningur á kartöflum og grænmeti yrði gefinn frjálst. Í framhaldinu var svo einokun á innflutningi lögð af og Grænmetisverslun landbúnaðarins lögð niður.

Um svipað leyti komst upp um að framleiðendur hentu tómtum í stórum stíl á haugana til að halda uppi verði. Neytendasamtökin mótmæltu harðlega og lögðu áherslu á að verð yrði frekar lækkað og þannig hvatt til aukinnar neyslu. Framleiðendur féllust á að reyna þetta og jókst salan mikið í kjölfarið, til góða fyrir alla.

Upp komst um áralangt samráð olíufélaganna í lok árs 2001. Höfðuð Neytendasamtökin þríf-mál vegna tjóns sem samráðið olli



## 70 ÁRA

og vannst það fyrir báðum dómstigum. Í kjölfar þessa var svo gert samkomulag við olíufélagin um að þau myndu með sama hætti bæta öðrum sem orðið höfðu fyrir tjóni og lagt fram kvittanir til Neytendasamtökanna.

Árið 2016 átti að hefja gjaldtöku fyrir notkun á rafrænum skilríkjum, sem hafði verið notendum að kostnaðarlausu. Það var ekki síst fyrir baráttu Neytendasamtökanna að algerlega var hætt við þær hugmyndir.

Meðal stærstu verkefna samtökanna um þessar mundir má nefna Vaxtamálið, en árið 2019 sendu samtökin fyrirspurnir til bankanna um vaxtaákvæðanir lána með breytilegum vöxtum. Svörin þóttu ófullnægjandi og báru með sér að vaxtaákvæðanir lánasamninga og vaxtaákvæðanir gengju bein-

línis í berhögg við lög. Í framhaldinu ákváðu samtökin að stefna bönkunum og skráðu um 2.000 lántakar sig til leiks. Bönkunum þremur voru birtar samtals sex stefnur í desember 2021 og málin tekin fyrir í héraðsdómi á vormánuðum 2021 þar sem óskað var ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á túlkun lagaákvæða, enda byggja þau á Evróputilskipun. Málflutningur fyrir dómstólum fer fram 23. mars næstkomandi. Þegar álit dómstólsins liggur fyrir halda málin áfram sinn gang í dómkerfinu hér og líklega þurfa málin að fara fyrir Hæstarétt til að fá endanlega niðurstöðu í þeim. Hægt er að fylgjast með framgangi málsins og fá nánari upplýsingar á [www.vaxtamalid.is](http://www.vaxtamalid.is)

Neytendasamtökin láta sig stafræna neytendavernd varða og eitt stórverkefna samtökanna, í alþjóðlegu samstarfi, er baráttan gegn njónahagkerfinu. Gífurlegu magni upplýsinga er safnað um okkur, það flokkað og tengt saman með og án samþykkis okkar; um hvað okkur líkar, hvað við kaupum, andlega og líkamlega heilsu okkar, kynhneigð,

staðsetningu, stjórnmalaskoðanir og svo má lengi telja. Létu Neytendasamtökin gera myndband til að vekja athygli á umfangi njónsanna. Það, ásamt upplýsingum um hvað er til ráða, má finna á [www.nsis/kettir](http://www.nsis/kettir).

Í útvarpserindinu sem minnst var á í upphafi rekur Sveinn Ásgeirsson, aðalhvatamaður og fyrsti formaður Neytendasamtökanna, helsta vanda sem neytendur þess tíma stóðu frammi fyrir og lýkur síðan máli sínu á eftirfarandi: „Hið eina sem dugar eru máttug neytendasamtök, borin uppi af þeim, sem verst eru leikin af ríkjandi viðskiptaháttum, og fylgja kröfum sínum um gagnkvæmt tillit fast eftir, – eins fast og þörf gerist.“

Kraftur Neytendasamtökanna hefur í hartnær 70 ár spornað gegn yfirburðastöðu valdhafa, sérhagsmunahópa og fyrirtækja. Neytendasamtökin eru frjáls félagsamtök sem reida sig á árgjöld félagsmanna. Því fleiri félagsmenn, þeim mun öflugri Neytendasamtök.

Láttu þig varða, vertu með. ■



**Kraftur Neytendasamtökanna hefur í hartnær 70 ár spornað gegn yfirburðastöðu valdhafa, sérhagsmunahópa og fyrirtækja.**

## Ég á mér draum



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**  
verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Flestir þekkja þessi fleygu orð Martin Luther King úr ræðu sem hann hélt árið 1963. Draumur hans var sá að þjóð hans myndi átta sig á því einn dag að allir væru skapaðir jafnir. Hann barðist fyrir réttlæti, fyrir mannréttindum svartra og gegn fátækt. Hann átti draum sem ekki hefur enn ræst.

Lítill börn á Íslandi eiga sér líka drauma. Þau eiga sér flest drauma um gott líf, falleg gull, ævintýri og kærleika. Sem betur fer rætast draumar margra ef ekki flestra. Sum börn hafa þó enga möguleika á að láta drauma sína rætast og þora jafnvel ekki að eiga sér drauma. Þetta eru ekki síst börnin sem alast upp við fátækt. Það eru um 10.000 börn á Íslandi eða 13,1% íslenskra barna. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla – Save the Children, TRYGGJUM FRAMTÍÐ BARNNA: Hvernig Covid 19, aukin framfærslubyrði og loftslagsbreytingar hafa áhrif á börn sem alast upp í fátækt og hvað ríkisstjórnir í Evrópu þurfa að gera.

Þar kemur einnig fram að árið 2021 áttu tæplega eitt af hverjum fjórum íslenskum heimilum á Íslandi í erfiðleikum með að standa straum af daglegum útgjöldum og



**Börn bera enga ábyrgð á stöðu sinni, þau fæðast inn í aðstæður sem þau ráða engu um.**

ná endum saman. Rúmlega helmingur þeirra heimila voru heimili einstæðra foreldra og 16,1% heimilanna voru heimili tveggja eða fleiri fullorðinna og barna. Meiri líkur eru að börn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins búi við fátækt eða um 15,8% þeirra. Eitt af hverjum fimm börnum sem búa í leiguhúsnæði eiga á hættu að búa við fátækt og 8,2% þeirra búa við skort. Vísendingar eru um að fátækt meðal barna á Íslandi sé frekar að aukast þar sem 12,7% barna áttu á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun árið á undan.



Börn bera enga ábyrgð á stöðu sinni, þau fæðast inn í aðstæður sem þau ráða engu um. Á Íslandi er framfærslubyrði barnafjölskyldna mun meiri en annarra fjölskyldna og stuðningur til að jafna stöðu barna ekki nægur. Börn sem búa hjá einstæðu foreldri eða í barn-

mörgum fjölskyldum eru samkvæmt skýrslunni í mestri hættu á að búa við fátækt eða félagslega einangrun.

Upprættum barnafátækt með hraði. Við getum það og eigum að gera það, því öll börn eiga rétt á að eiga drauma sem geta ræst. ■

# Hefur fundið gleðina þrátt fyrir krefjandi tíma

Íslenski atvinnu- og landsliðsmaðurinn í knattspyrnu Alfreð Finnbogason hefur fundið gleðina á ný í leiknum fagra. Alfreð var hetja Lyngby á dögnum og horfir nú fram á að geta hjálpað íslenska landsliðinu í sinni baráttu.

**FÓTBOLTI** Alfreð skoraði sigurmark liðsins í leik gegn Brøndby á dögnum. Að hans sögn var geggjað að sjá boltann í netinu. Á sama tíma var um að ræða fyrsta heimasigur Lyngby á tímabilinu og stemningin eftir því í leikslok.

„Eins klikkað og það er þá var þetta jú okkar fyrsti heimasigur. Fyrst þurftum við að bíða lengi eftir því að vinna fyrsta sigurinn í deildinni, sem kom í 15. umferð og svo náðum við inn fyrsta heimasigrinum núna. Þetta er náttúrulega alveg gjörsamlega galin staða en við fögnuðum þessum sigri eins og menn í gær.“

## Fá góðan stuðning

Það skipti þó máli að fagna ekki um of. Lyngby situr enn á botni dönsku úrvalsdeildarinnar, nokkuð langt frá öruggu sæti. Sigurinn geti þó fært liðinu trú í framhaldinu.

„Staðan hefur verið erfið, hún er enn mjög erfið. Venjulegt fólk hefur enga trú á því að við getum haldið sæti okkar í deildinni en það sem skiptir mestu máli fyrir okkur er sú trú sem stuðningsmenn félagsins hafa á okkur.“

Því þrátt fyrir að gengi Lyngby hafi verið brósótt á tímabilinu var uppselt á leikinn gegn Brøndby, um tíu þúsund manns mættu á leikinn.

„Stuðningsmennirnir styðja við bakið á okkur í blíðu og stríðu og mér finnst mjög góður bragur yfir liðinu núna eftir áramót. Það er stígangandi í þessu núna og hlutirnir á leið í rétta átt. Lyngby-stuðningsmennirnir eru náttúrulega þekktir fyrir það að vera mjög stoltir af sínu liði og fara ekkert í felur þegar að illa gengur. Vanalega hafa verið að mæta um fimm þúsund manns á leiki hjá okkur en það mættu tíu þúsund á leikinn gegn Brøndby. Það voru öll í kringum félagið staðráðin í að gera þetta að leik ársins sem hann svo sannarlega varð. Það var geggjuð stemning á vellinum og gaman að við gátum gefið stuðningsmönnum þennan langþráða heimasigur.“

## Fann gleðina á nýjan leik

Alfreð gekk til liðs við Lyngby á síðasta ári og skrifaði undir eins árs samning.

*Hvernig hefur verið að aðlagast lífinu í Danmörku?*

„Bara mjög vel, það er mjög auðvelt finnst mér að aðlagast lífinu í Skandinavíu. Þetta er mjög líkt lífinu á Íslandi og það er náttúrulega mikið af Íslendingum hérna sem og í Kaupmannahöfn. Við fjölskyldan höfum ekki yfir neinu að kvarta. Hvað félagið varðar þá var ég náttúrulega að æfa með Lyngby í júní í fyrri og skrifa svo undir samning hér í ágúst sama ár. Þetta voru því mjög þægilegir tímar, ég þekkti nú þegar alla hjá félaginu með nafni þegar að ég loksins krotaði undir samninginn. Það var ekkert sérstakt markmið hjá mér að vinna mér inn samning hérna en hlutirnir þróuðust bara þannig og ég er ánægður með þá þróun. Fyrst og fremst kom ég hingað til þess að njóta þess að spila fótbolta og hjálpa liðinu eftir erfiða tíma hjá mér áður þar sem gleðin var aðeins farin hjá mér.“

*Þannig að gleðin er komin til baka hjá Alfreð Finnbogasoni?*

„Já, það mætti segja það. Það tekur alltaf tíma að koma sér aftur í gang og í þann mund sem ég var að koma mér aftur í gang hér hjá Lyngby fyrir áramót lenti ég í því að viðbeins-



Alfreð Finnbogason reynir að gera sitt til þess að hjálpa Íslendingaliðinu Lyngby í sinni baráttu á fallsvæði dönsku úrvalsdeildarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Aron  
Guðmundsson  
aron  
@frettabladid.is



brotna. Ég varð klár á nýjan leik í janúar og setti mér háleit markmið fyrir seinni hluta tímabilsins og er mjög ánægður hvernig þetta hefur farið af stað. Á sama tíma er þetta bara byrjunin og margir leikir fram undan. Ég er mjög ánægður með það hvernig þetta hefur gengið, bæði hjá liðinu og mér persónulega.“

## Að ná tökum á dönskunni

Alfreð hefur spilað hjá félagsliðum víða um Evrópu og er umtalað hversu vel honum hefur tekist að læra þau tungumál sem eru ríkjandi í þeim löndum sem hann hefur spilað í.

*Hefurðu náð tökum á dönskunni?*

„Já, ég myndi segja að ég sé farinn að skilja allt það sem fer fram á æfingum sem og þegar liðsfélagarnir eru að tala saman í klefanum. Þetta er kannski það land sem er minnst þörfin á því að maður byrji að læra að tala tungumálið þar sem danska þjóðin talar á heildina litið mjög góða ensku. Svo þegar maður reynir að tala dönsku fær maður oftast svar á ensku. Þetta hefur dregist á langinn hjá mér en maður er að leggja sig fram, vonandi verður þetta komið fyrir sumarið.“

## Stressar sig ekki á framhaldinu

*Talandi um sumarið. Samningur þinn við Lyngby rennur út í sumar. Ertu eitthvað farinn að hugsa út í það hvað tekur við á ferlinum?*

„Ég tók bara ákvörðun um það snemma í janúar að ég ætlaði ekkert að þæla í þessu hlutum fyrr en undir lok tímabilsins. Ég var í sömu stöðu í fyrri og fann þá hversu mikla orku það tekur af manni að vera spá í þetta á hverjum degi í hverri viku. Svo er óhjákvæmilegt að fá þessa spurningu en í raun er þetta eitthvað sem mun bara skýrast almennilega í maí eða júní. Nú ætla ég bara njóta þess að vera inni á vellinum og gera mitt til þess að hjálpa félaginu í sinni baráttu.“

## Geta framkvæmt kraftaverk

Lyngby er sem stendur í neðsta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar.

*Byr kraftur í liðinu til þess að gera atlögu að því að halda sætinu í efstu deild?*

„Ekki spurning. Það er langtíma-markmið okkar en gerist náttúrulega bara þegar að við erum að vinna leiki. Þetta verður mjög erfitt, það er enn þá langt í það svæði þar sem við erum öruggir. Við þurfum bara að setja svipaða vinnu og kraft í leikina fram undan líkt og við gerðum í síðasta leik.“

## Fagmaðurinn Freyr

Freyr Alexandersson er þjálfari Lyngby og kom félaginu upp í úrvalsdeild á síðasta tímabili. Hann hefur verið að ganga í gegnum meira krefjandi tíma núna en Alfreð er ánægður með þjálfarann sinn.

Freyr Alexandersson er þjálfari Lyngby og að sögn Alfreðs hefur honum tekist vel til á krefjandi tímum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

„Þetta hefur ábyggilega verið mjög krefjandi tími fyrir Frey ef við berum þetta saman við síðasta ár. Svona gengi, þar sem að liðinu var í upphafi tímabils bara fyrirmun að vinna leiki, hefur náttúrulega mikið áhrif á andlegu hliðina, hjá leikmönnum og Frey sjálfum. Það hefur verið mjög gaman að sjá hvernig Freyr hefur tæklað þessar aðstæður. Hann hefur verið í þessum bransa lengi, er mikill fagmaður og þá hefur verið sérstaklega gaman að sjá hvernig samskipti hann á við einstaka leikmenn. Ég hugsa að margir þjálfarar væru búnir að missa vitið við svona aðstæður en Freyr hefur aldrei misst stjórn á þessari skútu.“

## Vill í landsliðið

Það er óhjákvæmilegt að spyrja Alfreð út í íslenska landsliðsins og landsliðsferil hans. Fram undan eru fyrstu leikir liðsins í undankeppni EM, keppni sem Alfreð vill vera hluti af.

„Vandamálið síðustu ár varðandi landsliðið hefur verið mín meidslasaga, ég hef ekki verið heill heilsu fyrir landsliðsverkefni. Ég sneri aftur í landsliðið í september á síðasta ári, það var gríðarlega gaman þó svo að það væri eins og ég væri að koma inn í nýtt lið. Það voru margir nýir leikmenn og margt sem hafði breyst frá því síðast. Það eru bara virkilega spennandi tímar fram undan hjá landsliðinu, auðvitað er mikill munur á yngstu og elstu leikmönnum en ég held að þetta sé blanda sem geti orðið til þess að góðir hlutir gerist. Ég er mjög spennur fyrir næstu landsleikjum sem og landsleikjaárinu fram undan.“

Forsendur séu til staðar að íslenska landsliðið geti gert góða hluti.

„Það eru möguleikar í stöðunni. Það eru bara tíu leikir í þessari undankeppni og þetta mun ráðast á smáatriðum, eitt mark til eða frá í mikilvægum leikjum getur orðið rosalega dýrt á endanum. Þess vegna er þessi fyrsti leikur í keppninni gríðarlega mikilvægur, án þess þó að ég sé að ýkja það eitthvað rosalega mikið. Grunnurinn er sá sami og alltaf. Við verðum að vinna okkar heimaleiki, fá sem flest stig þar og reyna að kroppa í sem flest stig á útivelli.“ ■

# Þakklátur fyrir skilningsríka vinnufélaga

Íslenska landsliðið mætir aftur til leiks eftir vonbrigði á HM og hefur á ný leik í undankeppni EM í handbolta með tveimur leikjum gegn Tékklandi.

aron@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Valsmaðurinn Arnór Snær Óskarsson hefur fengið kallið frá þjálfurum íslenska landsliðsins og gæti spilað sinn fyrsta A-landsleik í komandi verkefni landsliðsins í undankeppni EM í handbolta.

Arnór var staddur á Keflavíkurflugvelli á leið út til Tékklands, þar sem íslenska landsliðið etur kappi við heimamenn í undankeppni EM, þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Hann segir tilfinninguna gagnvart því að hafa verið valinn í landsliðið vera frábæra.

„Ég er ótrúlega spenntur fyrir þessu og mjög ánægður með að hafa fengið símtalið og kallið í landsliðið.“

Það eru Ágúst Jóhannsson og Gunnar Magnússon sem stýra landsliðinu í komandi leikjum sem bráðabirgðalandsliðsþjálfarar, umrætt símtal kom frá Ágústi.

„Ágúst hringdi í mig og tilkynnti mér það að þeir ætluðu að taka mig inn í landsliðshópinn sem sautjándi mann. Ég væri að fara að ferðast með liðinu út í þetta landsliðsverk-



efni, símtalið var stutt og þægilegt.“

Íslenska landsliðið á, eins og fyrir sagði, útileik gegn Tékkum á morgun. Í framhaldi af þeim leik snýr landsliðið aftur heim og mætir Tékkum í Laugardalshöll á sunnudaginn. Arnóri list vel á þessa leiki. Hann gæti í þessum leikjum spilað sinn fyrsta A-landsleik.

„Ég er virkilega spenntur fyrir

þessu, það er alltaf mikill heiður að fá að spila fyrir íslenska landsliðið og það hefur verið draumur manns frá því að maður var lítill að fá tækifæri til þess.“

Arnór hefur verið að upplifa virkilega góða tíma með liðsfélögum sínum í Val undanfarið. Liðið vann alla titla sem í boði voru á síðasta tímabili, hefur tryggt sér deildar-

meistaratitilinn í ár og er komið í 16-liða úrslit Evrópu- og Evrópu- deildarinnar. Ofan á það bætist nú kallið í landsliðið.

„Ég er að vinna í skóla með fram handboltanum og maður er bara orðinn starfsmaður mánaðarins þar út af öllum þessum ferðalögum tengdum boltanum,“ segir Arnór kaldhæðnislega. „Maður er búinn

Valsmenn hafa leikið á als oddi í vetur, bæði hér heima fyrir sem og í Evrópu- deildinni. Hér er Arnór, sem hefur verið einn besti leikmaður Vals í vetur, að láta finna fyrir sér í Evrópu- leik gegn þýska stórliðinu Flensburg í Origohöllinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÞÓR



Það er alltaf mikill heiður að fá að spila fyrir íslenska landsliðið.

að vera að ferðast mikið í tengslum við þetta ævintýri og það leiðir af sér að maður er að spila fleiri leiki. Svona vill maður hafa þetta, maður vill bara vera að spila og ferðast, þetta er í einu orði sagt geggjað.“

Það hefur ekki reynt erfitt fyrir Arnór að fá fri í vinnunni fyrir handboltabrölt sitt.

„Ég er að vinna með mjög þægilegu og skilningsríku fólki. Þau eru frábær og styðja þétt við bakið á mér.“ ■

## BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Garðabær, Hafnarfjörður,  
Reykjavík: Bryggjuhverfi, Mjódd og Vesturbær



BÚSETI  
40 ÁRA

### NAUSTABRYGGJA 9 · 110 RVK.



66,3  
ferm.  
2ja  
herb.  
104  
íbúð nr.

Búseturéttur: 8.130.716 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 196.360 kr.  
Mögulegt lán: 4.065.000 kr.  
Afhending: Í júní.

### ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.



67,8  
ferm.  
2ja  
herb.  
404  
íbúð nr.

Búseturéttur: 9.378.960 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 200.173 kr.  
Mögulegt lán: 4.689.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Miður júní.

### ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.



95,7  
ferm.  
3ja  
herb.  
108  
íbúð nr.

Búseturéttur: 11.874.942 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 259.023 kr.  
Mögulegt lán: 5.937.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Byrjun maí.

### KEILUGRANDI 3 · 107 RVK.



96,6  
ferm.  
3ja  
herb.  
206  
íbúð nr.

Búseturéttur: 10.964.429 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 243.451 kr.  
Mögulegt lán: 5.482.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Í apríl.

### BIRKIHLÍÐ 2a · 221 HFJ.



103,6  
ferm.  
4ra  
herb.  
202  
íbúð nr.

Búseturéttur: 7.142.363 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 236.583 kr.  
Mögulegt lán: 1.800.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Í apríl.

### MARÍUGATA 7 · 210 GBR.



106,5  
ferm.  
4ra  
herb.  
201  
íbúð nr.

Búseturéttur: 14.234.065 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 295.631 kr.  
Mögulegt lán: 7.117.000 kr.  
Afhending: Í júní.

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ



GRÆNNI  
BYGGÐ



Festa  
miðstöð um  
samfélagsábyrgð

NÝTT Í SÖLU

Sótt er um á vef Búseta. [www.buseti.is](http://www.buseti.is)

Umsóknarfrestur: Til 15. mars kl. 16:00.  
Rafræn úthlutun: 16. mars kl. 10.00.

Umsækjendum er ráðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.

#### ÁVINNINGUR

- Öruggr búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

#### INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður,  
skyldutryggingar, hiti,  
fasteignagjöld, hússjóður,  
þjónustugjald og framlag  
í viðhaldssjóð.

#### VERTU Í SAMBANDI

WWW.BUSETI.IS  
buseti@buseti.is  
Sími: 556 1000



Með því að skanna QR kóðann opnast síðan Lausar íbúðir á vef Búseta.

Birt með fyrirvara um villur og breytingar.

## MERKISATBURÐIR

**1876** Alexander Graham Bell fær einkaleyfi á símanum.**1912** Roald Amundsen tilkynnir að leiðangur hans hafi komist á suðurlönd 14. desember 1911.**1930** Útvegsbanki Íslands er formlega stofnaður.**1944** Fjórir farast en 39 komast af er þrjú erlend skip stranda á söndum Vestur-Skaftafellssýslu.**1975** Mannbjörg verður er flutningaskipið Hvassafell strandar á Skjálfanda.**1981** Sjonvarpið efnir til söngvakeppni í fyrsta sinn. Lagið Af litlum neista sigrar.**1985** Lagið „We are the World“ kemur út um allan heim.**1996** Timaritíð Séð og heyrt hefur göngu sína.

Elsku sonur okkar, bróðir,  
mágur og frændi,  
**Birgir Brynjarsson**  
varð bráðkvaddur 1. mars sl.  
Útför hans mun fara fram í kyrrþey.

**Brynjar Viggósson Svanlaug Aðalsteinsdóttir**  
**Brynja, Hildur og fjölskyldur**



Ástkær eiginkona mín, móðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Anna Sigríður**  
**Snæbjörnsdóttir**  
Mörkinni, Suðurlandsbraut 70a,  
108 Reykjavík,  
lést á Landspítalanum fimmtudaginn  
3. mars. Útför auglýst síðar.

**Kristján Birgir Kristjánsson**  
**Rúrik L. Birgisson Guðriður Hjaltadóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn**



## Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 &amp; 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson  
S: 896 8242Jóhanna  
EiríksdóttirJón G. Bjarnason  
S: 793 4455

## Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Helgi er með  
sýningar á  
Ítalíu, í Belgíu  
og Danmörku  
á döfinni.FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

## Löggilt gamalmenni

Myndlistarmaðurinn Helgi Þorgrím Friðjónsson fagnar sjötugs-  
afmælinu með rólegri móti.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég er þá loksins orðinn löggilt gamalmenni,“ segir listamaðurinn Helgi Þorgrím Friðjónsson sem fagnar sjötugs-  
afmæli í dag. „Þá er maður loksins  
kominn á fasta launaskrá og hættir að  
greiða í lífeyrissjóð.“Stórafmælið verður með rólegu móti  
en afmælisbarnið býst við að fá nokkra  
gesti í kaffi, rauðvín og osta til að fagna  
tímamótunum. Það er þó nóg í gangi hjá  
Helga sem er með nokkrar utanlands-  
ferðir vegna sýninga á dagskrá.„Það eru þrjár hlutir að skella á allt í  
einu núna innan mánaðar og ég er að  
fara að sýna í Belgíu, á Ítalíu og í Dan-  
mörku,“ segir hann. „Ég er að mála og  
vinna fyrir það og þarf að semja ein-  
hverja texta. Þetta er kannski ekki  
övenjulegt en samt sem áður talsvert  
eftir rólegheitin á Covid-tímanum.“Helgi stofnaði sýningarrými sitt, Gall-  
erí Ganginn, árið 1979 og var fyrsta sýn-  
ingin opnuð í janúar 1980. Hann segist  
nokkuð öruggur um að Gangurinn sé  
elsta einkarekna gallerí landsins. Gang-  
urinn gallerí hefur alltaf verið rekið á  
heimili Helga og hefur fylgt honum frá  
einu heimili á annað í gegnum árin og er  
nú staðsett á heimili hans í Brautarholti.„Þetta var auðvitað stofnað með hug-  
myndina um að það yrði ekki mikill  
kostnaður af starfsemi,“ segir hann.  
„Stofa og gangur eru yfirleitt samliggj-  
andi svo þetta hefur alltaf verið það  
svæði sem hefur tilheyrð Ganginum.  
Gangurinn var meira að segja með  
útibú á Hofsósi í eitt ár á meðan við fjöl-  
skyldan bjuggum þar.“Árið 2020 var haldið upp á 40 ára  
afmæli Gangsins með sýningu á verkum  
hluta þeirra erlendu listamanna sem  
sýnt hafa í Ganginum frá upphafi. Að

Galleri Gangur er víðförlt sýningarrými.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

40 ára afmælisárinu loknu gáfu Helgi  
og eiginkona hans Rakel Listasafni  
Íslands öll 117 listaverk 40 ára afmælis-  
sýningarinnar og var sýningin opnuð í  
safninu í febrúar síðastliðnum og mun  
standa opin til 4. júní.

## Hvað er í Gangi?

„Það verður jafnspennandi,“ svarar Helgi  
aðspurður hvað standi til að gera í Gang-  
inum næstu fjötutíu árin. „Nú eru list-  
hjólin Sirra og Erling Klingenberg með  
sýningu, svo tekur hinn skoski Alan  
Johnston við og þar á eftir Thom Puckey  
og í framhaldi Fabrice Hyber, sem er  
einn af þekktustu listamönnum Frakk-  
lands í dag. Sýningardagskrá Gangsins er  
skipulögð langt fram í tímann.“Helgi sinnir myndlistinni alla daga en  
önnur verkefni rúmast þó einnig innan  
dagsins.

„Við erum að koma okkur upp svolitlu

Þá er maður loksins  
kominn á fasta launaskrá  
og hættir að greiða í  
lífeyrissjóð.sumarafdrepi nálægt Borgarnesi, í landi  
föður Rakelar, eiginkonu minnar,“ segir  
hann. „Fjölskylda hennar á líka ættar-  
setur og mikla jörð að Núpi í Dýrafirði  
og við dveljum í viku á hverju sumri þar.  
Að öðru leyti stunda ég lestur, skriftir,  
gönguferðir, sund og annað í svipuðum  
dúr, bara eitthvað rólegt og ekkert  
merkilegt í sjálfu sér.“

## Flekkótt gjöf

Helgi segist líka heimsækja æskuslóðirnar  
í Búðardal en hann ólst upp þar og á  
Höskuldsstöðum í Laxárdal. Þegar hann  
er bedinn um að rifja upp afmælisminn-  
ingar úr sveitinni segir hann að ekkert  
stökkvi til hugar í fljótu bragði en að ein  
jólæg gjöf hafi þó verið eftirminnlegri en  
aðrar gjafir sem hann hefur fengið.„Jens sonur Höskuldsstaðahjónanna  
sendi mér bréf á jölnum þar sem hann  
lýsti á tveimur, þremur A4-blaðsíðum  
einhvers konar kvikindi sem ég þurfti  
að giska á hvað skyldi vera,“ rifjar hann  
upp. „Þegar ég kom upp eftir til hans var  
það svo flekkótt kind sem ég fékk að  
eiga. Það hlýtur að vera skemmtilegasta  
gjöfin sem ég fékk í æsku.“ ■

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Guðrún Borghildur**  
**Skúladóttir**

sem lést á Landspítalanum  
þann 23. febrúar sl. verður  
jarðsöngin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þann  
9. mars nk. kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks  
Taugalækningadeildar B2 á LSH fyrir auðsýnda hlýju  
og góða umönnun.

**Skúli Róbert Þórarinnsson Hrafnhildur Jónsdóttir**  
**Þórarinn Þórarinnsson**  
**Hallfríður Þórarinsdóttir**  
**Þórunn Þórarinsdóttir**  
**Unnur María Þórarinsdóttir**  
**ömmu- og langömmubörn**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Þóra Karitas Ásmundsdóttir**  
Háaleitisbraut 38,

andaðist í faðmi fjölskyldu sinnar á  
hjúkrunarheimilinu Sóltúni, þriðjudaginn  
28. febrúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn  
13. mars kl. 13. Starfsfólk Sóltúns fær hjartans þakkir  
fyrir kærleiksrika umönnun.

**Jónína Helga Jónsdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**  
**Svanhildur Jónsdóttir** **Jóhann Jónsson**  
**Helena Jónsdóttir** **Páll Ríkarðsson**  
**Ásmundur Ísak Jónsson** **Guðrún Björg Ragnarsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn**



Undir  
YFIRBORDIÐ

MEÐ ÁSDÍSI OLSEN

# STÓR ÞÁTTUR Í LÍFI FÓLKS

ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00 OG KL. 22.00

Framúrstefnulegur þáttur um heilsu og hamingju.

Ásdís Olsen ryður brautina fyrir allt það nýjasta og heitasta á jaðarsenunni.



HRINGBRAUT

**SJÓNVA PSDAGSKRÁ**

**HRINGBRAUT**

- 18.30 Fréttavaktin
- 19.00 Matur og heimili
- 19.30 Útkall Útkall er sjónvarps-útgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþróttar, heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Matur og heimili

**RÚV SJÓNVARP**

- 13.00 Fréttir með táknmalstúlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Útsvar 2017-2018
- 15.10 Ímynd
- 15.40 Kiljan
- 16.25 Menningarvikan
- 16.45 Íslendingar
- 17.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Pósturinn Páll
- 18.16 Jasmín & Jómbo
- 18.23 Drónarar
- 18.45 Krakkafréttir með táknmalstúlkun
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Vistvænn veislukostur Heimildarmynd frá BBC þar sem MasterChef-dómarinn Gregg Wallace og stærðfræðingurinn dr. Hannah Fry bjóða fimm vel völdum gestum til kvöldverðar. Gestirnir velja sér réttina en fá einkunn eftir kolefnisfótspori matarins.
- 21.00 Síðasta konungsríkið Fimmta og síðasta þáttaröð þessara ævintýralegu spennuþátta sem gerast á Englandi á síðari hluta niundu aldar. Stríðsmaðurinn Uhtred er staðráðinn í að endurheimta ríki sitt en hann er ekki sá eini sem ágirnast það.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Kveikjupunktur Breskir spennuþættir. Lana Washington er sprengjusérfræðingur hjá lögreglunni í Lundúnum. Hún hættir lífi sínu nánast daglega en þarf að gæta þess að eiga eðlilegt líf þegar hún stimplar sig út. Aðalhlutverk: Vicky McClure, Mark Stanley og Eric Shango. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
- 23.10 Sæluríki

**SJÓNVARP SÍMANS**

- 12.00 Dr. Phil
- 12.46 The Late Late Show with James Corden
- 13.26 The Block
- 14.20 Love Island
- 15.07 Million Pound....
- 16.10 Survivor
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 A.P. BIO 19.40 American Auto
- 20.10 Heartland
- 21.00 FBI
- 21.50 Love Island
- 22.35 The Man Who Fell to Earth
- 23.25 The Late Late Show with James Corden
- 00.10 NCIS
- 00.55 NCIS. New Orleans
- 01.40 New Amsterdam
- 02.20 Good Trouble
- 03.05 Love Island
- 03.50 Tónlist

**STÖÐ 2**

- 07.55 Heimsókn
- 08.10 Grand Designs. Australia
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Blindur bakstur
- 10.05 Punky Brewster
- 10.25 Fyrsta blikið
- 11.05 Conversations with Friends
- 11.35 Simpson-fjölskyldan
- 12.00 Franklin & Bash
- 12.40 Amazing Grace
- 13.20 Backyard Envy
- 14.05 Wipeout
- 14.45 Margra barna mæður
- 15.10 Rax Augnablik
- 15.15 Vitsmunaverur
- 15.45 Race Across the World
- 16.45 Girls5eva
- 17.10 Rax Augnablik
- 17.15 Rax Augnablik
- 17.20 Franklin & Bash
- 18.00 Bold and the Beautiful
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.15 Jamie's One Pan Wonders
- 19.40 Hell's Kitchen
- 20.25 After the Trial Eftir að hafa lokið störfum sínum í kviðdómi í umtöluðu morðmáli fara fjórir ólíkir einstaklingar að efast um niðurstöðu málsins. Hafa þau mögulega gefið morðingja frelsi?
- 21.15 Magnum P.I.
- 22.00 The Righteous Gemstones
- 22.35 Unforgettable
- 23.15 Family Law
- 23.55 The Resort
- 00.35 Agent Hamilton
- 01.20 Punky Brewster
- 01.40 Conversations with Friends
- 02.10 Amazing Grace
- 02.55 Backyard Envy

**Einstaklega fallett og persónulegt heimili**

Í Mat og heimilum í kvöld heimsækir Sjöfn Þórðar Hildi Gunnlaugsdóttur arkitekt og fagurkera með meiru. Hildur á einstaklega fallett og persónulegt heimili og er sniðugri en flestir þegar kemur að skemmtilegum útfærslum. Síðan heimsækir Sjöfn landslagsarkitektinn Björn Jóhannsson hjá Urban Beat sem er áhorfendum vel kunnur á vinnustofuna og fær innsýn í hvað verður heitast í garða- og pallahönnun í ár. ■



**KROSSGÁTA**

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

**LÁRÉTT**

- 1 mjóróma
- 5 spangóla
- 6 ákefð
- 8 spil
- 10 í röð
- 11 er
- 12 drykkur
- 13 stífa
- 15 uppruni
- 17 véla

**LÓÐRÉTT**

- 1 smitast
- 2 útungun
- 3 fljótæfni
- 4 krydd
- 7 jafnhliða
- 9 frosinn
- 12 brjóta
- 14 málmur
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 skráek, 5 vja, 6 as, 8 kaskina, 10 jk, 11 sem, 12 mátt, 13 stöð, 2 klak, 3 ras, 4 kanel, 7 sam-  
LÓÐRÉTT: 1 sýkjast, 2 klak, 3 ras, 4 kanel, 7 sam-  
tíða, 9 ísáður, 12 mola, 14 tít, 16 rr.

**SUDOKU**

6		1		2	5		
		2		5	9	8	1
				3		4	6
	6		8			2	
	5	8	1	7			9
				6			
1	9	5		4			
				7		3	
4		7	9		1	8	

7			6		2	4	
	6	2	4			5	7
							8
		6	8	4	7		
					1		4
		5	2				7
				6	9		
	4			7		1	
6	1	7					3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

**PONDUS**



**FRÓDE ÆVERLI**



**MATUR OG HEIMILI  
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR**

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

**ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00**



HRINGBRAUT





# HEILSUBRAUT

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30 OG AFTUR KL. 21.30

Fræðandi og skemmtilegur þáttur þar sem hjúkrunarfræðingurinn Helga María heimsækir ýmsa heilsueflandi starfsemi.

Í þættinum í kvöld ætlum við að heimsækja Sígurlín Margréti Sigurðardóttur og ræða um hljóðöryggi fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausu og hvernig er hægt að gera hljóð aðgengilegra með nýrri tækni. Helga María heimsækir einnig Andra Einarsson og ræðir við hann um öndun og öndunartækni.



HRINGBRAUT

# Kona safnar myndum

## MYNDLIST

### Hornsteinn

60 ára afmælisýning Listasafns Árnesinga

Sýningarstjórar: Kristín Scheving og Zsóka Leposa  
11. febrúar-20. ágúst 2023

Aðalsteinn Ingólfsson

Um þessar mundir, og af ýmsu til efni, hafa nokkur söfn sett upp kynningarsýningar á safneign sinni, og við það byðst almenningi að endurnýja og kannski endurmeta, kynni sín af þeim. Þetta á jafnt við um „stóru söfnin“ í bænum sem ýmis minni söfn í héraði. Nefna mætti sýningu Listasafns Reykjavíkur á erlendum verkum í eigu þess og afmælisýningu Þjóðminjasafnsins, en einnig yfirstandandi sýningar Listasafnsins á Akureyri og Listasafns Árnesinga.

### Gjöf Bjarnveigar

Síðastnefnda safnið er eitt af þeim lánsömu landsbyggðarsöfnum sem státa af hvort tveggja sérhannaðri sýningaraðstöðu og fjölbreyttri listaverkæign. Hvort tveggja er í hærri gæðaflokki en gengur og gerist utan Reykjavíkur, þökk sé þeim breytingum sem gerðar voru á húsnæði safnsins eftir að Listaskáli Einars Hákonarsonar var aflagður, og verkunum sem Bjarnveig Bjarnadóttir og synir hennar gáfu Árnesingum.

Og þó segja megi að byggingin henti betur heildstæðum sýningum á verkum stakra listamanna heldur en brotkenndu yfirliti, eins og þeirri samsýningu sem nú stendur yfir, þá hefur upphengingin tekist mæta vel. Til dæmis hefur veggjum verið bætt við aðalsal til að nýta rýmið betur, og vídeoverkum sem alla jafna trufla sýningar af þessu tagi, verið komið fyrir afsíðis. Málverk og teikningar eru ekki hengd upp eingöngu „eftir auganu“, tvíst og bast, heldur er leitast við að para þau saman eftir viðfangsefnum og að mestu í tímaröð þannig að áhorfandinn skynjar betur ólík vinnubrögð listamanna. Þungamiðjan í safneigninni, og um leið yfirstandandi sýningu, eru verkin sem Bjarnveig Bjarnadóttir gaf Árnesingum á árunum 1963 til 1986, alls um 75 verk eftir 37 listamenn.

### Ásgrímur og samtímamenn hans

Að sönnu hafa nokkur önnur söfn á landsbyggðinni fengið stórar gjafir, ég nefni til dæmis listaverkagjöfina sem öðlingurinn Arngrímur Ingimundarson færði heimabyggð sinni, Siglufirði, og verkin sem Hallsteinn Sveinsson gaf Borgnesingum, en gjöf Bjarnveigar er í sérflokk.



Á sextíu ára afmælisýningu Listasafns Árnesinga má meðal annars sjá þessa sjálfsmýnd eftir Ásgrím Jónsson.



Listasafn Árnesinga er eitt af þeim landsbyggðarsöfnum sem státa af sérhannaðri sýningaraðstöðu og fjölbreyttri listaverkæign.  
MYNDIR/ADSENDAR



Ekki þekki ég önnur dæmi úr okkar stuttu myndlistarsögu um að íslensk kona, hvað þá einstæð móðir með takmörkuð fjárrád, skuli hafa safnað að sér listaverkum.

Fyrir það fyrsta var hún náfrænka Ásgríms Jónssonar og hafði því ótakmarkaðan aðgang að listamanninum. Óefað naut hún þeirra tengsla þegar hún hóf að safna listaverkum bæði frænda síns og annarra, eignaðist þá mörg verk með sérkjörum eða jafnvel án endurgjalds.

Ekki þekki ég önnur dæmi úr okkar stuttu myndlistarsögu um að íslensk kona, hvað þá einstæð móðir með takmörkuð fjárrád, skuli hafa safnað að sér listaverkum stóran hluta ævi sinnar. Bjarnveig hefur því þurft að vera nokkuð fylgin sér.

Óneitanlega státar Listasafn Árnesinga af þetra úrvali verka eftir Ásgrím en nokkurt annað safn utan Reykjavíkur. Einnig skenkti Bjarnveig Ísfríðingum nokkrar myndir úr eigin safni. Engan skal undra þótt hún hafi fyrst og fremst leitast við að eignast verk eftir samtímamenn Ásgríms og þá kynslóð listamanna sem komst til þroska á árunum milli stríða, sérstaklega þá sem tengdust æskulóðum hennar (og Ásgríms) á Suðurlandi. Hér getur því meðal annars að líta landslags- og mannlífsmýndir eftir



Sigurjón Ólafsson gerði þessa brjóstmynd af Bjarnveigu Bjarnadóttur 1977 en hún gaf Árnesingum fjölda listaverka sem eru þungamiðjan í sýningunni.

Ásgrím sjálfan, Eyjólf Eyfells, Finn Jónsson, Jón Þorleifsson, Jón Engilberts, Höskuld Björnsson, Kjarval og Jón Stefánsson sem allar bera smekkvísi Bjarnveigar gott vitni, sömuleiðis ágætast mannlífsmýndir eftir Jóhann Briem og Snorra Arinbjarnar. Nokkur verk eru þarna í sérflokk, til dæmis sjaldséð málverk frá þroskaárum Gunnlaugs Scheving og nokkur frábær verk frá figúratífu tímabili Þorvalds Skúla-sonar í upphafi síðara stríðs.

### Ekki fyrir abstraktið

Þótt Bjarnveig hafi í tímans rás eignast nokkur lítil pappírsvark eftir abstraktmálara, til dæmis Hörð Ágústsson og Kjartan Guðjónsson, hafði hún sýnilega takmarkaðan áhuga á abstraktlist. Til dæmis eignaðist hún aldrei abstraktmyndir eftir einn af uppáhaldsmálurum sínum af „yngri kynslóð“, Þorvald Skúlason, og verk eftir Svavar Guðnason komu aldrei inn fyrir hennar dyr.

Þau fáu abstraktmálverk sem finna má á afmælisýningunni í Hveragerði eru því mestmegnis verk sem safnið keypti eða fékk að gjöf eftir daga Bjarnveigar. Það væri mikilsvert framlag bæði til sögu Listasafns Árnesinga og helstu velgjörðarmanna íslenskrar myndlistar, ef allar þær myndir sem fóru um hendur þessarar kjarnakonu væru settar á bók, ásamt úttekt á viðhorfum hennar til lífs og lista. ■

**NIÐURSTADA:** Samsýning sem státar af nokkrum gullmolum.

# Verðum að muna að þetta eru bara börn

tsh@frettabladid.is

Ljósmyndarinn Kristín Ásta Kristinsdóttir opnaði sína fyrstu einkasýningu, Flóttabörninn okkar, í Gallerí Epal um síðustu helgi. Sýningin samanstendur af ljósmyndum af börnum sem vekja fólk til umhugsunar um málefni flóttabarna. Myndirnar eru úr fókusi en litaval þeirra endurspeglar þjóðfána barna sem hafa hrakist frá heimalandi sínu og sótt um vernd á Íslandi.

„Þetta er sama barnið á öllum myndunum. Þælingin er sú, og þess vegna eru þær líka úr fókusi, að það skiptir í raun ekki máli hvaða barn þetta er því það á ekki að skipta máli,“ segir Kristín Ásta.

Kristín Ásta útskrifaðist úr Ljósmyndaskólanum í byrjun þessa

árs og fjallaði útskriftarverkefni hennar einnig um samfélagsleg málefni. Þar notaði hún hina fornu aðferð camera obscura til að mynda ólík rými þar sem fólk dvelur tímabundið af ólíkri nauðsyn; fanga-klefa, íbúð flóttakonu og herbergi á Heilsustofnun í Hveragerði.

„Við það verkefni þá kynntist ég úkraínskri flóttakonu sem er hérna með tvö börn og fékk að mynda heima hjá henni. Við erum góðar vinkonur í dag og þá fór ég að átta mig á því hvað við sem samfélag getum lagt af mörkum. Við getum rifist pólitískt fram og til baka um einhverjar tölur á blaði en við sem samfélag og manneskjur getum gert slatta,“ segir hún.

Kristín Ásta hjálpaði úkraínskri vinkonu sinni við ýmsar athafnir



Kristín Ásta útskrifaðist úr Ljósmyndaskólanum í byrjun þessa árs.  
MYND/SÓLEY ÞORVALDSDÓTTIR



Litavalið endurspeglar þjóðfána flóttabarna sem hafa hrakist frá heimalandi sínu. MYND/KRISTÍN ÁSTA

eins og að fara í bankann og leita að íbúð og kveðst þá hafa áttað sig á því hvað það er erfitt fyrir manneskju sem hefur ekkert tengslanet hér á landi og talar ekki tungumálið að komast inn í íslenskt samfélag.

„Þá fór ég að átta mig betur á því hvað þetta er í rauninni rosalegt ástand. Þá fer ég bara að rannsaka þetta og skoða þær tölur sem liggja að baki og hvernig fyrir fólkinu er komið. Svo núna er þetta útlendingafrumvarp þannig að ég svona ákvað að vekja máls á þessari umræðu. Fólk skiptist í fylkingar en við verðum líka að muna að þetta eru bara börn,“ segir Kristín Ásta.

Sýningin Flóttabörninn okkar er opin í Gallerí Epal til 21. mars. Allur ágóði af sölu verkanna rennur til samtakanna Réttur barna á flóttu. ■

# Madama Butterfly er full af töfrum

## TÓNLIST

### Madama Butterfly

eftir Giacomo Puccini

Íslenska óperan

**Hljómsveitarstjóri:** Levente Török

**Leikstjóri:** Michiel Dijkema

**Aðalhlutverk:** Hye-Youn Lee,

Arnheiður Eiríksdóttir, Egill Árni

Pálsson og Hrólfur Sæmundsson

**Önnur hlutverk:** Snorri Wium,

Viðar Gunnarsson, Unnsteinn

Árnason, Jón Svavar Jósefsson,

Karin Torbjörnsdóttir, Jón Ingi

Stefánsson, Sigurlaug Knudsen,

Hulda D. Proppé, Bernadett Hegyi,

Tómas Ingi Harðarson, Arnar Dan,

Hjalti Rúnar Jónsson og Niels

Thibaud Girerd

**Hljómsveit og kór Íslensku**

**óperunnar**

**Eldborg í Hörpu**

laugardaginn 4. mars

Jónas Sen



Tenórinn Egill Árni Pálsson og kóreski sópraninn Hye-Youn Lee fara með hlutverk Pinkerton og Cio-Cio-San í Madama Butterfly. MYND/ANTON BRINK

Harpa er ekki óperuhús, en það var varla að maður tryði því á frumsýningunni á Madömu Butterfly á laugardagskvöldið. Óperan er eftir Puccini og gerist í Japan í gamla daga. Sviðsmyndin var alsett japönskum táknum, og húsið hátt uppi á hæð við endann á löngum hrörlegum stiga var fullkomlega í stíl. Hugvitsamleg og fjölbreytileg lýsing skapaði mikla stemningu og búningarnir voru sannfærandi.

Söngurinn var glæsilegur og hljóðfæraleikurinn vandaður. Jafnvægi á milli söngs og hljómsveitar

var óvenju gott fyrir Eldborgina, þar sem söngvarar eiga það til að vera út undan. Leikstjórnin var líka flott og hvergi var dauður punktur í leiknum eða sviðshreyfingunum. Þetta voru töfrar.

#### Brúðkaup í hálfkæringi

Madama Butterfly fjallar um unga japanska stúlku sem bandarískur sjóliðsforingi kvænist, meira í hálfkæringi en alvöru. Þegar hann

svo þarf að fara af landi brott gerir hann sér lítið fyrir og nær sér í aðra konu í Bandaríkjunum. Japanska stúlkan er hins vegar einlæg í tilfinningum sínum og biður eftir honum, ásamt syni þeirra, árum saman, sannfærð um að þau muni taka upp þráðinn að nýju. Það gerist aldrei og sagan hlýtur sorglegan endi.

Aðalhlutverkið var í höndunum á Hye-Youn Lee, sem hefur túlkað

hlutverk Cio-Cio San, einnig kölluð Madama Butterfly, margoft. Það var auðfundið, því frammistaða hennar var störfengleg í afar krefjandi hlutverkinu. Hún söng eiginlega allan tímann! Röddin var lýrísk, silki mjúk og völdug allt í senn, tilfinningin í söngnum djúp og ekta. Mér fannst ég heyra mörg ekkasög í salnum í blóðugu lokaatriðinu.

#### Flottir söngvarar

Egill Árni Pálsson var sjóðliðsforinginn og stóð sig prýðilega. Hann hefur máttuga tenórrödd sem sat vel og var sterkhljómandi á sýningunni. Leikurinn var líka trúverðugur, framkoma hans var í senn innileg, en samt svo fölsk; hvort tveggja var sannfærandi í túlkun hans.

Svipaða sögu er að segja um Hrólfr Sæmundsson í hlutverki bandaríska ræðismannsins; hann verður betri og betri með hverju árinu. Hrólfur hefur djúpa og þýða rödd; söngur hans á sýningunni var fullkomlega áreynslulaus. Persóna hans var klaufaleg en um leið full af umhyggju, og Hrólfur náði að leika það vel.

Þerna og náin vinkona Butterfly var leikin af Arnheiði Eiríksdóttur og var sömuleiðis í fremstu röð, hún hafði einkar mjúka og ómþýða rödd. Aðrir söngvarar stóðu sig með sóma, Jón Svavar Jósefsson var til dæmis kostulegur í amatlegu hlutverki vonbiðils; maður skellihló að honum.

Sérstaklega ber að nefna barnungan son Butterfly og sjóðliðs-

foringjans, en hann var leikinn af Tómasi Inga Harðarsyni. Hann var einfaldlega frábær, enda uppskar hann mörg húrrahróp í lok sýningarinnar.

#### Spilað af kostgæfni

Eins og áður sagði var hljómsveitin með allt á hreinu undir stjórn Levente Török. Samhljómur söngs og hljóðfæraleiks var í ágætu jafnvægi. Söngurinn naut sín til fulls, en samt var notaleg fylling og addunarverð breidd í hljómsveitarleiknum. Hljómsveitin var vissulega nokkuð sterk, en hún átti að vera það og fór aldrei yfir strikið. Í svona óperum á bæði söngur og hljóðfæraleikur að vera í botni, ef svo má segja.

Kór Íslensku óperunnar stóð sig vel undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar og búningar kórsins, sem og allra annarra, á ábyrgð Maríu Th. Ólafsdóttur, voru augnayndi. Lýsing Þórdar Orra Péturssonar skapaði seiddandi andrúmsloft aftur og aftur, og sviðsmyndin í höndunum á Michiel Dijkema var gluggi inn í annan heim. Leikstjórn hans var líka lifandi og kröftug, snörp og samsvaraði sér vel, með hæfilegum skammti af húmor í svo sorglegu umfjöllunarefni. Enda ætlaði allt um koll að keyra í uppklappinu. Ljóst er að Madama Butterfly er einhver besta uppfærsla Íslensku óperunnar frá upphafi. ■

**NIÐURSTADA:** Einfaldlega frábær sýning.



Áb. Sigrún Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali



## Fremristekkur 13, 109 Reykjavík

Stærð: 242 m<sup>2</sup>




Bókið skoðun hjá Hafdís í síma 820 2222

**Glæsilegt einbýlishús miðsvæðis í höfuðborginni. Einstakt útsýni er yfir Elliðaárdal, borgina, Esjuna og allt út á Snæfellsnes.**

Húsið var byggt 1971 en hefur verið endurhannað og endurbætt frá A-Ö. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni, Rut Káradóttir innanhússarkitekt hannaði allt innandyrna, Logi Einarsson arkitekt teiknaði viðbyggingu og Práinn Hauksson landslagsarkitekt hannaði lóðina. Lýsing innandyrna og utan var unnin af Lumex og Smíðapjónustan sá um smíði á innréttingum.

Húsið er skráð skv f.mr. 242 fm. og þar af er bílskur 26,9 fm. Í húsinu eru m.a. tveir arnar, annar hefðbundinn í stofu en gas arinn í spa rými. Í spa rými og vinnustofu eru flisar úr indónesísku basalti. Vatnsgufa og heitur pottur í spa rými eru ennfremur lögð með sama basalt steini. Einstaklega góð staðsetning miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem örstutt er út á stofnbrautir og til allra átta.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdís Rafnsdóttir löggiltur fasteignasali  
GSM 820 2222 - hafdis@fstorg.is



ÓSKAÐ  
ER EFTIR  
TILBOÐI

# Dáist að Dönu International

„Ég er með adrenalínþynnku þannig að heilinn í mér virkar á hálfu „capacity“ akkúrat núna, þetta er alveg smá pakki,“ segir Pálmi Ragnar Ásgeirsson pródúser. Pálmi Ragnar er, ásamt flytjandnum Diljá, höfundur sigurlags Söngvakeppninnar.

ninarichter@frettabladid.is

Pálmi Ragnar Ásgeirsson er öllum hnútum kunnugur þegar kemur að íslenska popptónlistarbransanum. Hann er þriðjungur StopWaitGo-hópsins og hefur unnið með Brieti, Glowie, Tómasi Welding, Hugin og fleirum.

## Mærir frammistöðu RÚV

Aðspurður hvað hafi komið mest á óvart í ferlinu fram að þessu, svarar hann því til að frammistöða RÚV hafi staðið upp úr. „RÚV er búið að stíga mikið upp í útfærslunni á þessu öllu síðan ég tók þátt síðast, fyrir átta árum síðan. Þessi keppni er orðin allt, allt annað dæmi en hún var þá,“ segir Pálmi Ragnar.

Hann segir að umbæturnar nái ekki eingöngu til sýnileika keppninnar, „heldur líka hvernig keppendum líður, hvernig tæknimenn bregðast við þegar maður vill skipta sér af. Hvernig allt umfangið um keppnina er orðið virkilega gott. Ég verð að segja að af öllu, sem þetta ferli inniheldur, er þetta það sem stendur upp úr. Hvað þetta er orðið ótrúlega flott hjá RÚV.“

## Komin skrefinu nær

Pálmi Ragnar tekur skýrt fram að hann hafi fram að þessu ekki verið talinn mikill aðdáandi RÚV. Því til stuðnings má nefna að hann gagnrýndi RÚV opinberlega í viðtali við Vísi í ágúst 2021, þar sem hann sagði stofnunina sitja á peningum sem ættu með réttu að

renna til íslenskra tónlistarmanna. Aðspurður hvort afstaða hans hafi breyst, svarar Pálmi Ragnar:

„Hún hefur í sjálfu sér ekki breyst. Það sem hefur breyst er í raun hvernig RÚV útfærir þetta. Ég má ekki tala um samningana sem slíka, þeir eru trúnaðarmál, en það hefur margt batnað á bak við tjöldin í þessum málum. Það er ekki unninn fullnaðarsigur en við erum komin skrefinu nær,“ segir hann.

*Í viðtalinu 2021 sagðir þú að þér þætti undarlegt að RÚV tæki helming tekna af lögunum, má skilja þig sem svo að það sé ekki lengur raunin?*

„Ég get ekki staðfest það, nei. Ég vil ekki tjá mig um samningsatriðin. En í útfærslu hefur þetta verið lagað.“

## Skiptu um lag korter í skil

Pálmi Ragnar segir að hann hafi ekki vitað að um sigurlag væri að ræða þegar þau Diljá sendu Lifandi inni í mér í Söngvakeppnina. „Aldeilis ekki. Við höfum sagt frá því áður að við vorum með annað lag þangað til fimm dögum fyrir skil. Við skiptum um lag. Þegar ég segi skiptum um lag, þá meina ég að við sömdu nýtt lag korter í skil,“ segir Pálmi Ragnar glettinn.

„Sama dag og við skiptum um lag sendi Rúnar Freyr línu á alla laga-höfunda og sagði: Jæja, ég vil heyra demó. Ég sagði við hann: Heyrðu, ég get alveg sent þér demóið sem við erum með, en ég vil bara að þið vitið að erum að skipta um lag í dag.“

Pálmi Ragnar segist gríðarlega ánægður með ákvörðunina í ljósi úrslita laugardagsins. „En á sínum tíma var það ekki endilega alveg augljóst.“

## Hitt lagið komi líklega út

Aðspurður hvort hitt lagið sem fékk



Pálmi Ragnar er gríðarlega ánægður með frammistöðu RÚV í Söngvakeppninni og segir umgjörðina hafa stórbatnað á þeim átta árum sem liðið hafa síðan hann tók fyrst þátt í keppninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ég sagði við hann: Heyrðu, ég get alveg sent þér demóið sem við erum með, en ég vil bara að þið vitið að við erum að skipta um lag í dag.

að víkja komi einhvern tímann fyrir eyru hlustenda, svarar hann: „Ég hugsa að það komi einhvern tímann út, já. Í hvaða mynd sem það verður. Ég held að það verði ekki endilega alveg strax. Það var ekkert að því lagi en mér fannst það ekki alveg eiga heima í þessari keppni.“

Pálmi Ragnar þakkar þjóðinni fyrir mikinn meðbyr. „Fólk virðist almennt mjög ánægt með þessi úrslit. Næstu skref eru að skila af okkur atriði út til Liverpool. Tíminn er naumur þar, og enginn tími til að anda eða ná sér niður á jörðina,“ segir hann.

## Laginu verður ekki breytt

Pálmi Ragnar fullyrðir að lagið muni halda núverandi mynd. „Laginu verður ekkert breytt. Atriðið

verður bara tekið upp á næsta level. Það er bara það sem við leggjum upp með.“

Hvað varðar eftirlætis lög í stóru keppninni fyrr og síðar, svarar pródúserinn knái: „Mér finnst hollenska kántrilagið alltaf mjög flott. Ég held að það hafi fengið annað sætið fyrir nokkrum árum. Ég veit ekki hvort það er uppáhaldslagið mitt í keppninni fyrr og síðar, en það er eitt af þeim sem ég man eftir,“ segir hann og vísar til lagsins Calm after the storm með The Common Linnets, sem landaði öðru sæti á eftir hinna austurrísku Conchitu Wurst sem sigraði með eftirminnilegum flutningi á laginu Rise like a Phoenix. „Svo elskaði ég Diva með Dönu International frá 1998. Það var nú bara þegar ég var krakki. Það er frábært lag.“ ■



**Citroen C5 Aircross – Shine útgáfa.**  
SUV Plug-in-Hybrid 2021 – ekinn 20 þús. km

**Verð 5.490.000**

**Nýr svona bíll kostar 8,1 millj. án dráttarkróks og þverboga.**

Rúmgóður og notendavænn fjölskyldubíll. Hábyggt jeppalagið og há sætisstaða skapa þægilegt aðgengi. Aftursætin eru öll á sleða og rúma auðveldlega þrjá barnastóla. Farangursrýmið er allt að 720 lítrar, það stærsta í þessum flokki bíla og rúmar auðveldlega golfsettið eða barnavagn auk annars farangurs. Langbogar og þverbogar, sumar og vetrardekk. Dráttarkrókur.

Dökkklitaðar rúður aftan. Starthnappur. Rafdrifinn afturhleri. Tölvustýrð miðstöð. Álfelgur 18". ESP stöðugleikastýrikerfi. Rafdrifið ökumannssæti. Dagljósabúnaður. Fjarlægðarskynjari framan og aftan, og fleira og fleira...

Fosshálsi 27 - 110 Reykjavík - Sími 577 4747 - Hofdabilar.is - hofdabilar@hofdabilar.is

**Hybrid á súperverði!**



**HÖFDABÍLAR**  
... þar sem bílar seljast

## Segir Diljá þurfa að skapa sér sérstöðu

ninarichter@frettabladid.is

„Manni líður bara vel. Maður er að fatta að þetta var meiri rússíbanareid en maður í upphafi hélt. Þetta var rosalega mikið stuð og gaman og við erum mjög sáttir við hvernig við komumst frá þessu,“ segir Langi Seli, öðru nafni Axel Hallkell Jóhannesson, tónlistarmaður og hönnuður.

Axel list vel á vinningslagið með Diljá. „Þetta er mjög flott. Það er rosalegur kraftur og hún er alveg klikkuð söngkona. Ég er mjög spenntur að sjá hvernig þau fara með þetta áfram og hvað þau gera meira í sjóinu sjálfu. Lagið er með sitt og það er alltaf hægt að toppa. Það verður spennandi að sjá hvert þau ætla að fara með þetta,“ segir hann.

Aðspurður hver helsta áskorunin verður fyrir Diljá, svarar Axel: „Hún þarf að mynda sér smá sérstöðu. Ef það fer í þessa átt að það verði nokkur lög í þessum stíl, þá þarf aðeins að slíta það frá og brjóta það upp,“ segir hann.

Axel segir umfang keppninnar og stærðina hafa komið mest á óvart. „Athyglin og hvað er mikill áhugi á þessu víða og úti um allt,“ segir hann. „Það kom mér líka á óvart hvað aldursbilið er mikið. Allur aldur hefur áhuga á þessu. Ég upplifi þetta sem rosalega mikla fjölskylduskemmtun.“

Axel hefur að sögn alltaf horft á keppnina. „En hún er misjöfn



Langi Seli og skuggarnir höfnuðu í öðru sæti á laugardagskvöld.

MYND/ARSEND

keppnin, eftir því hvaða lög eru í gangi og hvaða tiska er í gangi, hvað höfðar til manns. En ég fylgist að sjálfsgöðu með,“ segir hann léttur í bragði.

„Við vorum bara mjög gladdir með að fá að mæta okkur við keppnina og að keppnin væri að mæta sig við okkur.“

Hvað varðar þátttöku Langa Sela og skugganna að nýju í Söngvakeppninni árið 2024, svarar hann:

„Út frá skemmtanagildi og því hvernig við vorum að skemmta okkur, þá myndum við alveg gera það. En hvort við gerum það er annað mál. En þetta var skemmtilegt.“ ■



SIGURÐUR SIGURJÓNSSON YLFA MARÍN HARALDSDÓTTIR ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON (LADDI)  
ANDREA ÖSP KARLSDÓTTIR VIKTOR MÁR BJARNASON KOLBRÚN MARÍA MÁSDÓTTIR  
ÁRNI BEINTEINN SELMA LÓA BJÖRNSDÓTTIR VILLI NETÓ

# ÁSTRÍKUR & STEINRÍKUR

## MÍÐRÍKIÐ



KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ  
BARA LÚXUS

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ



## Baldur skjögrar í sólóferil

Tónlistarmaðurinn og upp-tökustjórinn Baldur sendi á dögnum frá sér lagið *Damn it*, sem er fyrsta stuttskífan af fjögurra laga þröngskífu sem væntanleg er á næstu dögum. Hann segir að erfitt sé að staðsetja tónlistina í íslensku senunni en það sé í góðu lagi.

ninarichter@frettabladid.is

Baldur Hjörleifsson hefur unnið við tónlist alla sína ævi. Hann lærði upp-tökustjórn í Berlín og nýtir námið vel, ekki eingöngu á sviði tónlistar heldur einnig í hljóðbókaframleiðslu sem hann sinnir meðfram tónlistinni, en hann sinnir upptöku og framleiðslu fyrir Storytel og fleiri aðila. Námstíminn í Berlín er einmitt yrkisefnið sem um ræðir á *Damn it*.

### Erfitt tímabil í Berlín

„Fræið að þessu lagi varð til í Berlín fyrir nokkrum árum. Þetta er svona svolítið úrvinnsla frá þeim tíma,“ segir Baldur. „Ég gekk í gegnum svolítið erfitt tímabil í Berlín á sínum tíma þar sem mér fannst ég vera svolítið staðnaður,“ segir hann.

Baldur segist hafa glímt við mikinn kvíða á þeim tíma. „Þetta lag er um þá tilfinningu að vera áhorfandi, en finnast maður vera á skjön á meðan tækifærin geysast fram hjá manni, og tíminn. Að dæma sig hart, en finna samt einhver þægindi í þessu lærða bjargarleysi,“ segir hann hugsi. „Þetta er gamalkunn rulla sem maður kann einhvern veginn. Þetta er þannig. En svo er textinn meira abstrakt.“

Að sögn Baldurs einkennist tónlistarpróduksjón gjarnan af eins konar bútasamsferli. „Örn Eldjárn spilar inn bassa, ég fæ Tuma Árnason til að spila inn saxófónsólu og Höskuld Eiríksson til að spila inn trommur. Þetta gerist á löngum tíma,“ segir hann.

Baldur var undir áhrifum frá bandaríska próduðerum J Dilla heitnum, þegar hann samdi lagið. „Ég var að hlusta mikið á hann á þessum tíma. Hann er að vinna með svona höktandi takta og mér fannst það ríma vel við þetta „mindset“, þetta skjögrandi element.“

„Eins og ég sé svolítið að skjögri inn í þetta sólóverkefni,“ segir Baldur og hlær. „Þetta er svona skjögrandi ráðaleysi.“



Baldur gerir upp Berlinarín á nýrri þröngskífu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ég er ekki læs á þetta bransaumhverfi, beinlínis. En mér finnst eins og eiginlega enginn sé læs á það, ekki einu sinni bransafólkið.

Baldur Hjörleifsson

### Húmoristi í Antwerpen

Bróðir Baldurs, Árni Jónsson, leikstýrði áhrifaríku myndbandi við lagið. „Hann er myndlistarmaður og er að klára mastersnám í Antwerpen í Belgíu. Hann er svo mikill húmoristi í sinni list og þetta verður svona fullkomin syngjía okkar á milli. Hann skilur tilfinninguna í laginu og er með þessa hugmynd sem við útfærum síðan saman. Ég er svolítið svona, mér finnst videóíð og lagið hanga mikið saman,“ segir hann.

„Þetta er ekki endilega mjög aðgengilegt lag. Þetta er smá ringulreið og meiri eins og kynning á þessum hljóðheimi. Svo ætla ég að fylgja þessu eftir með meiri popplögum,“ segir hann. „Ég ætla að reyna að gefa út næsta lag í lok apríl og annað lag aftur í lok maí.“

Baldur segist eiga erfitt með að

staðsetja sig innan íslensku poppsenunnar. „Ég hef verið í alls konar kollektífum og samstarfi við Herdísi Stefáns, Brynju, hljómsveitina Ryba og Flesh Machine. Ég er ekki læs á þetta bransaumhverfi, beinlínis. En mér finnst eins og eiginlega enginn sé læs á það, ekki einu sinni bransafólkið. Það veit eiginlega enginn hvað er í gangi, sem er frelsandi líka.“

### Konur að gera besta efnið

Baldur segir að í íslensku senunni séu konurnar að gera langbestu tónlistina. „Það er meira rokk og pönk að brjótast upp á yfirborðið, ekki samt með þessum gömlu formerkjum. Það er allt leyfilegt og öllu hrætt saman. Mér finnst mitt verkefni vera lýsandi fyrir það moment núna. Ég hef oft haft miklar áhyggjur af því að það sé engin samfella í gegnum það sem ég er að búa til vegna þess að suma daga vil ég vera „singer-songwriter“ og aðra daga vil ég gera hart elektro-punk, svo er sækadeliá. Þetta verkefni er að umvefja það, að þetta má bara vera svolítið random,“ segir hann.

„Aðrir eru kannski næmari en ég á rauða þráðinn og leiðarstef, frekar en maður sjálfur. Þarna er ég að reyna að sigrast á þessu óöryggi. Ég er bara í mörgum mengjum og það er allt í lagi.“

Lagið *Damn it* má nálgast á Spotify, myndbandið er aðgengilegt á YouTube. ■

## Hvímleður hveitibjörn

KVIKMYNDIR

### Cocaine Bear

**Leikstjórn:** Elizabeth Banks  
**Leikarar:** Keri Russell, Alden Ehrenreich, O'Shea Jackson Jr., Ray Liotta

Arnar Tómas Valgeirsson

Þótt B-myndir taki sig ekki of hátiðlega þá geta þær verið stórskemmtilegar eða jafnvel mjög góðar, eins og *The Evil Dead* eða *Texas Chainsaw Massacre* hafa sýnt okkur. Í versta falli á áhorfandinn að geta skemmt sér yfir vitleysunni í flippaðri hugmynd eins og hvað myndi gerast ef útúrkókað bjarnýr myndi ráðast á fólk.

Það er einmitt, eins og titillinn gefur til kynna, söguþráðurinn í *Cocaine Bear*. Myndin byggir (mjög lauslega) á sannri sögu þar sem smyglflugvél full af eiturflyfum hrapaði í óbyggðum og björn nokkur komst í feitan farm af kókaíni. Sá björn drapst skömmu síðar en hér er björninn sprellifandi, kókaður og mannýgur. Ansi banvænn kokteill.



Þegar kemur að útúrkókuðum óargadýrum þá eru kollegar björnsins í Naustinni um helgar mun ógnvænlegri.

MYND/SKJÁSKOT

Á blaði hljómar *Cocaine Bear* eins og hugmynd sem getur ekki klikkað fyrir áhorfendur sem eru að leita sér að skemmtilegri vitleysu. Því miður er útkoman ekki nógu góð. Þótt *Cocaine Bear* eigi sína spretti í tveimur til þremur atriðum þá hittir húmorinn ekki nógu oft í mark. Flest drápin sjást ekki einu sinni í mynd og undir lokin er myndin orðin furðulega dramatísk og hreint út sagt leiðinleg, sem er versti hlutur sem B-mynd getur nokkru sinni orðið. Björninn er þar

að auki oft heldur rólegur og alls ekki jafnkókaður og hann hefði átt að vera.

Kvikmyndastúdíóið *Asylum*, sem hefur gefið okkur skemmtilegar en ferlegar myndir á borð við *Sharknado*-seríuna, hefur nú lofað að svara myndinni með sínu eigin útúrdópaða rándýri í *Meth Gator*. Vonum að þar takist betur til. ■

**NIÐURSTAÐA:** Flöt útfærsla á skotheidri hugmynd. Björninn hefði mátt vera mun kókaðri.



*Verið  
velkomin!*




# HÁDEGIS TILBOÐ

Alla virka daga  
kl. 11.30 - 14

Val á milli tveggja rétta

Verð: 2.290 kr.

*í hjarta Hafnarfjarðar*



**RIF**  
RESTAURANT

*Coca-Cola* Íslandi

  /rifrestaurant

RIF.IS

FJÖRÐUR  
VERSLUNARMÍÐSTÖÐ

## BAKÞANKAR



Kristbjargar  
Þórisdóttir

## Sorg

Í Spámanninum eftir Kahlil Gibran er fjallað um sorgina. Þar er ritað að sorg og gleði séu systur. Báðum systrunum kynnumst við á lífsleiðinni en mismikið og á ólíkum tímamarkum. Sorgin er förunatur lífsins. Hún er samofin öllu okkar lífsferli. Sjálf kynntist ég sorg snemma á lífsleiðinni.

Þar sem ég er miðaldra horfi ég líka stundum á Gísla Marteini. Í síðasta þætti var meðal annars fjallað um áföll og sorg í tengslum við sálgaeslunám Eddu Björgvinsdóttur leikkonu. Þar kom meðal annars fram sá mikilvægi punktur að við lærum líklega of lítið um sorgina og hvernig við eigum að bregðast við þegar hún bankar upp á. Því þurfum við að breyta.

Sem sálfræðingur hitti ég oft fólk sem er að takast á við sorg. Sorgin sem slík þarfnast ekki klínískrar meðferðar. Hún er eðlileg viðbrögð við þeim missi sem hefur orðið. Þegar fólk upplifir sorg er gott að veita fræðslu, hlýju og stuðning. Stundum kemur sorgin vegna áfalls. Það er flókin flétta því áfallið getur komið í veg fyrir að sorgin fái að hafa sinn eðlilega gang. Í slíkum tilfellum getur fólk þurft klíniska meðferð sálfræðings.

Ég gæti skrifað heila bókaröð um skortinn á aðgengi að slíkum meðferðum. Það sem mig langar hins vegar að koma inn á hér er mikilvægi þess að við sem samfélag komum okkur upp teymi og skýrum verkferlum sem tryggja stuðning og sálfræðimeðferð fyrir fólk sem verður fyrir því áfalli að missa barn. Það er óásættanlegt að fólk sem verður fyrir slíkri lífsreynslu fái tilviljanakennda þjónustu í okkar ófullkomna geðheilbrigðiskerfi. ■

Frítt

Kynntu þér  
dreifingu  
Fréttablaðsins



Skannaðu kóðann í  
snjalltækinu þínu

Nánari upplýsingar  
www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing

**Gleðilega páska**

**Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!**

Páskaegginn frá Nóa Sírius eru tilbúin. Það eru spennandi nýjungar í boði og egg sem hæfa öllum. Þau eru nefnilega allskonar, sæt stökk, smá og stór en fyrst og fremst ómótstæðileg.

**Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!**

